

REGLUGERÐ

um innleiðingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1287/2006 frá 10. ágúst 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skyldur fjármálafyrirtækja varðandi skýrsluhald, tilkynningar um viðskipti, gagnsæi á markaði, töku fjármálagerna til viðskipta og hugtök sem eru skilgreind að því er varðar þá tilskipun.

1. gr.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2007 frá 27. apríl 2007 gildir eftirtalin EB-gerð hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af IX. viðauka við EES-samninginn um fjármálaþjónustu, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 1287/2006 frá 10. ágúst 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skyldur fjármálafyrirtækja varðandi skýrsluhald, tilkynningar um viðskipti, gagnsæi á markaði, töku fjármálagerna til viðskipta og hugtök sem eru skilgreind að því er varðar þá tilskipun.

2. gr.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB og jafnframt sem fylgiskjöl með reglugerð þessari.

3. gr.

Ef ósamræmi er á milli íslensks og ensks texta reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1287/2006 skal skýra íslenska textann með hliðsjón af enska textanum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2., 26., 31. og 38. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og 40. gr. laga nr. 110/2007, um kauphallir, og öðlast gildi 1. nóvember 2007.

Viðskiptaráðuneytinu, 30. október 2007.

Björgvin G. Sigurðsson.

Jónína S. Lárusdóttir.

Fylgiskjal I.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1287/2006****frá 10. ágúst 2006****um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skyldur fjármálafyrirtækja varðandi skýrsluhald, tilkynningar um viðskipti, gagnsæi á markaði, töku fjármálagerninga til viðskipta og hugtök sem eru skilgreind að því er varðar þá tilskipun****(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE ⁽¹⁾, einkum 4. gr. (2. og 7. liður 1. mgr. og 2. mgr.), 13. gr. (10. mgr.), 25. gr. (7. mgr.), 27. gr. (7. mgr.), 28. gr. (3. mgr.), 29. gr. (3. mgr.), 30. gr. (3. mgr.), 40. gr. (6. mgr.), 44. gr. (3. mgr.), 45. gr. (3. mgr.), 56. gr. (5. mgr.) og 58. gr. (4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun 2004/39/EB er komið á ramma að reglakerfi fyrir fjármálamarkaði í Bandalaginu sem kveður m.a. á um: rekstrarskilyrði sem varða framgöngu fjármálafyrirtækja í fjárfestingar- og viðbótarþjónustu og fjárfestingastarfsemi, skipulagskröfur (þ.m.t. skyldur varðandi skýrsluhald) fyrir fjármálafyrirtæki sem stunda slíka þjónustu og starfsemi í atvinnuskyni og fyrir skipulega verðbréfa-markaði, kröfur um upplýsingar um viðskipti með fjármálagerninga og kröfur um gagnsæi að því er varðar viðskipti í hlutabréfum.
- 2) Rétt er að ákvæði þessarar gerðar séu á reglugerðarformi til þess að tryggja samræmt fyrirkomulag í öllum aðildarríkjunum, stuðla að samþættingu á markaðnum og fjárfestingar- og viðbótarþjónustu milli landa og auðvelda frekari sameiningu innri markaðarins. Ákvæði, sem varða tiltekna þætti skýrsluhalds og tilkynningar um viðskipti, gagnsæi og hrávöruafleiður, tengjast lítið innlendum lögum og nákvæmum lögum sem gilda um tengsl við viðskiptavinum.
- 3) Til að tryggja sambærileg markaðsskilyrði og eðlilega starfsemi verðbréfamarkaða í gervöllu Bandalaginu og til að auðvelda skilvirka samþættingu þessara markaða er rétt að setja nákvæmar og fullkomlega samræmdar kröfur um gagnsæi og reglur varðandi tilkynningar um viðskipti. Tilteknir þættir skráahalds eru nátengdir þar sem notuð eru sömu hugtök þar og skilgreind eru fyrir tilkynningar um viðskipti og gagnsæi.
- 4) Með tilskipun 2004/39/EB var komið á kerfi, sem stýrir kröfum um upplýsingar að því er varðar viðskipti með fjármálagerninga, í því skyni að tryggja að viðkomandi lögbær yfirvöld fái fullnægjandi upplýsingar um viðskipti sem þau skulu hafa eftirlit með. Í því skyni er nauðsynlegt að tryggja að öll fjármálafyrirtæki leggi inn samskonar upplýsingar, með litlum frávikum milli aðildarríkja, til að halda í lágmarki að hve miklu leyti fyrirtæki sem stunda rekstur milli landa falli undir mismunandi tilkynningarskyldu og til að hámarka hlutfall gagna í höndum lögbærra yfirvalda sem hægt er að miðla

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2006/ 31/EB (Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 60).

til annarra lögbæra yfirvalda. Ráðstöfunum er einnig ætlað að tryggja að lögbær yfirvöld geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt þeirri tilskipun með eins skjótum og skilvirkum hætti og kostur er.

5) Með tilskipun 2004/39/EB er komið á kerfi til að stýra kröfum um gagnsæi, að því er varðar viðskipti með hlutabréf sem tekin eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, í því skyni að tryggja að fjárfestar fái fullnægjandi upplýsingar um rétt umfang raunverulegra og hugsanlegra viðskipta með slík hlutabréf, hvort sem viðskiptin fara fram á skipulegum verðbréfamarkaði, markaðstorgi fjármálagerninga (MTF), hjá innmiðlurum eða utan þess konar markaða. Þessar kröfur eru hluti af stærrri regluramma sem ætlað er að stuðla að aukinni samkeppni milli þjónustu markaða í því skyni að auka val fjárfesta, hvetja til nýsköpunar, lækka viðskiptakostnað og auka skilvirkni verðmyndunarferlisins í gervöllu Bandalaginu. Mikið gagnsæi er mikilvægur hluti þessa ramma til að tryggja jöfn samkeppnis-skilyrði fyrir alla markaði þannig að dreifing seljanleika veiki ekki verðákvörðunarkerfið í tengslum við tiltekin hlutabréf og fjárfestar skaðist ekki vegna þessa. Hins vegar er viðurkennt í þessari tilskipun að við tilteknar aðstæður geti verið nauðsynlegt að veita undanþágu frá gagnsæisskyldu fyrir viðskipti eða fresta gagnsæisskyldu eftir viðskipti. Í þessari reglugerð eru settar fram nánari upplýsingar um þessar aðstæður með hliðsjón af því að hvort tveggja er nauðsynlegt, að tryggja mikið gagnsæi og að seljanleiki á mörkuðum og annars staðar skerðist ekki vegna afleiðinga sem leiða óviljandi af skyldu um að greina frá viðskiptum og birta þannig áhættustöður opinberlega.

6) Að því er varðar ákvæðin um skýrsluhald ber að túlka vísun til tegundar fyrirmæla á þá leið að hún vísi til stöðu þeirra sem skilyrtra fyrirmæla, markaðsfyrirmæla eða annarrar sérstakrar tegundar fyrirmæla. Að því er varðar ákvæðin um skýrsluhald ber að túlka vísun til tegundar fyrirmæla eða viðskipta á þá leið að það vísi til óska um að gerast áskrifendur að hlutabréfum eða til áskrifar að hlutabréfum, að nýta sér valrétt, til nýtingar valréttar, svipaðra fyrirmæla eða viðskipta viðskiptavinar.

7) Á þessu stigi er ekki nauðsynlegt að tilgreina eða mæla nákvæmlega fyrir um gerð, eðli og tækni varðandi tilhögun upplýsingaskipta á milli lögbæra yfirvalda.

8) Ef ekki er brugðist við, innan hæfilegra tímamarka, tilkynningu lögbærs yfirvalds um að markaðurinn þar sem seljanleiki er mestur hafi tekið aðra ákvörðun eða ef lögbært yfirvald er ósammála útreikningum hins yfirvaldsins, skulu hlutaðeigandi lögbær yfirvöld reyna að finna lausn. Lögbærum yfirvöldum er frjálst að ræða þessi mál í samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði ef við á.

9) Lögbær yfirvöld skulu samhæfa sín á milli útfærslu og innleiðingu tilhögunar varðandi upplýsingaskipti um viðskipti. Enn fremur er lögbærum yfirvöldum frjálst að ræða þessi mál í samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði. Lögbær yfirvöld skulu senda skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar, sem sendir tilkynningu til evrópsku verðbréfanefndarinnar, um þessa tilhögun. Við framkvæmd samhæfingarinnar skulu lögbær yfirvöld hafa í huga að þörf er á að hafa skilvirkt eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja til að tryggja að þau starfi heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku og á þann hátt sem stuðlar að heilleika markaðarins í Bandalaginu, að þörf er á að ákvarðanir byggist á ítarlegri kostnaðar- og ábatagreiningu, að þörf er á að tryggja að upplýsingar um viðskipti séu einungis notaðar í því skyni að lögbær yfirvöld geti sinnt hlutverki sínu á réttan hátt og að lokum að þörf er á að hafa skilvirkt og áreiðanlegt stjórnunarfyrirkomulag fyrir hvert sameiginlegt kerfi sem kynni að teljast nauðsynlegt.

10) Rétt er að setja viðmiðanir til að ákvarða hvenær starfsemi skipulegs verðbréfamarkaðar er verulega mikilvæg í gístaðildarríki og afleiðingar slíkrar stöðu þannig að komast megi hjá því að skuldbinding skapist á skipulegum verðbréfamarkaði um að tekið sé tillit til eða hann heyri undir fleiri en eitt lögbært yfirvald ef slík skuldbinding væri að öðrum kosti ekki fyrir hendi.

11) ISO-staðall 10962 (Classification of financial instruments code) er dæmi um alþjóðlega viðurkenndan samræmdan staðal fyrir flokkun fjármálagerninga.

12) Ef lögbær yfirvöld veita undanþágur í tengslum við kröfur um gagnsæi fyrir viðskipti eða heimila frestun gagnsæisskyldu eftir viðskipti skulu þau veita öllum skipulegum verðbréfamörkuðum og markaðstorgum fjármálagerninga (MTF) jafna meðferð án mismununar þannig að annaðhvort sé öllum skipulegum verðbréfamörkuðum og markaðstorgum fjármálagerninga (MTF), sem þau heimila samkvæmt tilskipun 2004/39/EB, veitt undanþága eða frestur, eða engum. Lögbær yfirvöld sem veita undanþágur eða frest skulu ekki setja viðbótarkröfur.

13) Rétt er að hafa í huga að viðskiptareiknirit, sem skipulegur verðbréfamarkaður eða markaðstorg fjármálagerninga (MTF) notar, eru yfirleitt notuð í því skyni að auka viðskiptin eins mikið og kostur er en einnig skal vera mögulegt að nota önnur viðskiptareiknirit.

14) Ef lögbært yfirvald veitir undanþágu frá gagnsæisskyldum fyrir viðskipti skv. 29. eða 44. gr. tilskipunar 2004/39/EB skal það ekki leiða til þess að fjármálafyrirtæki geti komist hjá slíkum skyldum að því er varðar viðskipti með seljanleg verðbréf sem þau gera á tvíhliða grunni samkvæmt reglum skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) þar sem þessi viðskipti heyra undir kröfur um birtingu verðtilboða, sem settar eru fram í 27. gr. þeirrar tilskipunar, ef þau fara fram utan reglna skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF).

15) Líta ber svo á að starfsemi gegni umtalsverðu viðskiptalegu hlutverki fyrir fjármálafyrirtæki ef hún er mikilvæg tekjulind eða mikilvægur kostnaðarliður. Við mat á mikilvægi að þessu leyti skal, í öllum tilvikum, taka tillit til þess að hve miklu leyti starfsemin fer fram eða er skipulögð á aðskilinn hátt, peningalegs verðmætis starfseminnar og mikilvægis hennar samanborið við heildarrekstur fyrirtækisins og heildarstarfsemi á markaðnum fyrir viðkomandi verðbréf þar sem fyrirtækið starfar. Það ætti að vera mögulegt að líta svo á að starfsemi sé mikilvæg tekjulind fyrir fyrirtæki jafnvel þótt einungis einn eða tveir fyrrnefndra þátta eigi við í tilteknu tilviki.

16) Hlutabréf, sem ekki eru stunduð viðskipti með daglega, skulu ekki teljast hafa virkan markað í skilningi tilskipunar 2004/39/EB. Ef viðskipti með hlutabréf eru stöðvuð af sérstökum ástæðum, sem tengjast því að verið sé að vernda trúverðugleika markaðarins eða vegna óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure) og viðskipti með hlutabréf fara því ekki fram suma viðskiptadaga, þýðir það þó ekki að hlutabréfin geti ekki talist seljanleg á markaði.

17) Kröfurnar um að birta opinberlega tiltekin verðtilboð, fyrirmæli eða viðskipti, skv. 27., 28., 29., 30., 44., og 45. gr. tilskipunar 2004/39/EB og samkvæmt þessari reglugerð, skulu ekki koma í veg fyrir að þess sé krafist á skipulegum verðbréfamörkuðum og markaðstorgum fjármálagerninga (MTF) að aðilar eða þátttakendur birti aðrar slíkar upplýsingar.

18) Upplýsingar, sem krafist er að séu birtar eins nálægt rauntíma og mögulegt er, skulu gerðar aðgengilegar eins snarlega og tæknin leyfir að því gefnu að hlutaðeigandi aðili sé nægilega skilvirkur og leggi nægilega mikið til útgjalda vegna kerfa sinna. Einungis skal í undantekningartilvikum birta upplýsingar nálægt hámarkstímamörkum, sem eru þrjár mínútur, ef ekki er unnt að birta upplýsingar innan styttri tímamarka með fyrirliggjandi kerfum.

19) Að því er varðar ákvæði þessarar reglugerðar varðandi töku verðbréfa sem skilgreind eru í c-lið 18. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal litið svo á, ef um er að ræða verðbréf í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til viðskipta og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB⁽¹⁾, að fullnægjandi upplýsingar, sem eru nauðsynlegar til að ákvarða virði fjármálagerningsins, séu aðgengilegar almenningi.

⁽¹⁾ Stjóttö. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64.

20) Taka hlutdeildarskírteina sem gefin eru út af fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu í verðbréfum til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, skal ekki gefa möguleika á að sniðganga viðeigandi ákvæði tilskipunar ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnábyrgingum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum⁽¹⁾, einkum 44. og 48. gr. þeirrar tilskipunar.

21) Einungis skal líta á afleiðusamning sem fjármálagerning í skilningi 7. liðar C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB ef hann tengist hrávöru og uppfyllir skilyrði þessarar reglugerðar sem notuð eru til að ákvarða hvort skuli líta svo á að samningur hafi sömu einkenni og aðrir afleiðufjármálagerningar og sé ekki viðskiptalegs eðlis. Einungis skal líta á afleiðusamning sem fjármálagerning í skilningi 10. liðar C-þáttar þess viðauka ef hann tengist undirliggjandi verðbréfum sem tilgreind eru í 10. lið C-þáttar eða í þessari reglugerð og uppfyllir skilyrði þessarar reglugerðar sem notuð eru til að ákvarða hvort skuli líta svo á að hann hafi sömu einkenni og aðrir afleiðufjármálagerningar.

22) Vænta má að með undanþágunum í tilskipun 2004/39/EB, sem varða viðskipti fyrir eigin reikning eða miðlun eða veitingu annarrar fjárfestingarþjónustu sem tengist hrávöruafleiðum, sem falla undir 5., 6. og 7. lið C-þáttar I. viðauka við framangreinda tilskipun, eða afleiður sem falla undir 10. lið C-þáttar I. viðauka, sé verulegur fjöldi framleiðenda og notendur orku og annarrar hrávöru, þ.m.t. orkuframleiðendur, hrávörukaupmenn og dótturfyrirtæki þeirra, undanþeginn gildissviði framangreindrar tilskipunar og því verður þess ekki krafist að þessir þátttakendur beiti prófununum í þessari reglugerð til að ákvarða hvort samningar, sem þeir eiga viðskipti með, séu fjármálagerningar.

23) Samkvæmt 7. lið B-þáttar I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB er fjárfingarfyrirtækjum heimilt að nýta sér rétt til að veita viðbótarþjónustu í öðru aðildarríki en í heimaaðildarríkinu með því að annast fjárfingarfjónustu og -starfsemi og viðbótarþjónustu af þeirri tegund sem fellur undir A- eða B-þátt viðaukans sem tengist undirliggjandi viðmiðum afleiðanna, sem eru í 5., 6., 7. og 10. lið C-þáttar viðaukans, ef þær tengjast veitingu fjárfingarfjónustu eða viðbótarþjónustu. Á grundvelli þessa eiga fyrirtæki, sem annast fjárfingarfjónustu eða -starfsemi og tengd rauntímaviðskipti, að geta nýtt sé rétt til að veita viðbótarþjónustu að því er varðar þessi tengdu viðskipti.

24) Skilgreiningin á hrávöru skal ekki hafa áhrif á neina aðra skilgreiningu á því hugtaki í innlendri löggjöf eða löggjöf Bandalagsins. Prófunum til að ákvarða hvort líta skuli svo á að samningur hafi sömu einkenni og aðrir afleiðufjármálagerningar og sé ekki viðskiptalegs eðlis er einungis ætlað að ákvarða hvort samningar séu í samræmi við 7. eða 10. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB.

25) Líta ber svo á að afleiðusamningur tengist hrávöru eða öðrum þætti ef bein tenging er milli samningsins og viðkomandi undirliggjandi hrávöru eða þáttar. Því ber að líta á afleiðusamning um verð á hrávöru sem afleiðusamning sem tengist hrávörunni, en ekki ber að líta á afleiðusamning um flutningskostnað vegna hrávörunnar sem afleiðusamning sem tengist hrávörunni. Afleiða sem tengist hrávöruafleiðu, s.s. valréttur varðandi framtíðarsamning með hrávöru (afleiða sem tengist afleiðu) telst vera óbein fjárfesting í hrávöru og ber því enn að líta á hana sem hrávöruafleiðu í skilningi tilskipunar 2004/39/EB.

26) Hugtakið hrávora skal ekki ná yfir þjónustu eða aðra þætti sem ekki eru vörur, s.s. gjaldmiðla eða rétt til fasteigna, eða þætti sem eru algjörlega óefnislegir.

27) Leitað hefur verið til samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/527/EB⁽²⁾ um tæknilega ráðgjöf.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/1/EB (Stjtið. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 191, 13.7.2001, bls. 43.

28) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfa-nefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI ALMENNT

1. gr.

Efni og gildissvið.

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd ákvæða 4. gr. (2. liður 1. mgr. og 7. liður 1. mgr.), 13. gr. (6. mgr.), 25., 27., 28., 29., 30., 40., 44., 45., 56. og 58. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

2. Ákvæði 7. og 8. gr. gilda um rekstrarfélög í samræmi við 4. mgr. 5. gr. tilskipunar 85/611/EBE.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „hrávara“: hvers konar skiptanlegar vörur sem hægt er að afhenda, þ.m.t. málmar og málmgrýti og -blendir, landbúnaðarafurðir og orka á borð við rafmagn,
- 2) „útgefandi“: aðili sem gefur út verðbréf og aðra fjármálagerninga, ef við á,
- 3) „útgefandi í Bandalaginu“: útgefandi sem hefur skráða skrifstofu í Bandalaginu,
- 4) „útgefandi í þriðja ríki“: útgefandi sem er ekki útgefandi í Bandalaginu,
- 5) „almennur opnunartími“ markaðar eða fjármálafyrirtækis: sá tími er markaðurinn eða fjármála-fyrirtækið ákvarðar fyrirfram og auglýsir sem afgreiðslutíma sinn,
- 6) „viðskipti með eignasafn“: viðskipti með fleiri en eitt verðbréf þar sem hlutabréfin eru flokkuð saman og verslað með þau eins og eina heild gegn tilteknu viðmiðunarverði,
- 7) „viðeigandi lögbært yfirvald“ fyrir fjármálagerning: lögbært yfirvald þess markaðar þar sem seljanleiki viðkomandi fjármálagernings er mestur,
- 8) „markaður“: skipulegur verðbréfamarkaður, markaðstorg fjármálagerninga (MTF) eða innmiðlari sem starfar sem slíkur á eigin vegum og, ef við á, kerfi utan Bandalagsins þar sem starfsemi er sambærileg og á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga (MTF),
- 9) „velta fjármálagernings“: samanlagðar niðurstöður sem fást með því að margfalda fjölda eininga viðkomandi gernings sem ganga kaupum og sölum á tilteknu tímabili, með viðskiptum á markaði eða á annan hátt, með einingarverðinu sem gildir fyrir hver slík viðskipti,
- 10) „fjármögnunarviðskipti með verðbréf“: hlutabréfalánveiting eða hlutabréfalántaka, lántaka eða lánveiting annarra fjármálagerninga, endurkaup eða endurhverf endurkaupaviðskipti eða viðskipti sem byggjast á kaupum/endursölu eða sölu/endurkaupum.

3. gr.

Viðskipti sem tengjast einstökum hlutabréfum í viðskiptum með eignasafn og magnvigtuð meðalverðsviðskipti.

1. Viðskipti, sem tengjast einstöku hlutabréfi í viðskiptum með eignasafn, teljast, í skilningi ii-liðar b-liðar 1. mgr. 18. gr., til viðskipta sem eru háð öðrum skilyrðum en gildandi markaðsverði.

Í skilningi b-liðar 1. mgr. 27. gr. teljast þau einnig til viðskipta í þeim tilvikum þar sem skipti á hlutabréfum ákvarðast af öðrum þáttum en gildandi markaðsmati á hlutabréfinu.

2. Magnvigtuð meðalverðsviðskipti teljast, í skilningi ii-liðar b-liðar 1. mgr. 18. gr., til viðskipta sem eru háð öðrum skilyrðum en gildandi markaðsverði og, í skilningi 25. gr., sem fyrimæli sem eru háð öðrum skilyrðum en gildandi markaðsverði.

Í skilningi b-liðar 1. mgr. 27. gr. teljast þau einnig til viðskipta þar sem skipti á hlutabréfum ákvarðast af öðrum þáttum en gildandi markaðsmati á hlutabréfinu.

4. gr.

Vísanir í viðskiptadag.

1. Vísun í viðskiptadag í tengslum við markað eða upplýsingar, sem veittar eru eftir viðskipti og skal birta skv. 30. og 45. gr. tilskipunar 2004/39/EB er varðar hlutabréf, er vísun í hvern þann dag sem viðkomandi markaður er opinn fyrir viðskipti.

Vísun í upphaf viðskiptadags er vísun í almennan opnunartíma markaðarins.

Vísun í hádegi á viðskiptadegi er vísun í hádegi í því tímabelti þar sem markaðurinn er staðsettur.

Vísun í lok viðskiptadags er vísun í lok almenns opnunartíma.

2. Vísun í viðskiptadag í tengslum við þann markað þar sem seljanleiki hlutabréfa er mestur, eða í tengslum við upplýsingar, sem veittar eru eftir að viðskipti hafa farið fram og skal birta skv. 28. gr. tilskipunar 2004/39/EB er varðar hlutabréf, er vísun í hvern þann dag er venjuleg viðskipti fara fram í viðskiptakerfum á þessum markaði. Vísun í upphaf viðskiptadags er vísun í hvenær venjuleg viðskipti með viðkomandi hlutabréf geta fyrst hafist á mörkuðum.

Vísun í hádegi á viðskiptadegi er vísun í hádegi í tímabeltinu þar sem viðkomandi markaður er staðsettur.

Vísun í lok viðskiptadags er vísun í hvenær síðustu venjulegu viðskiptum með viðkomandi hlutabréf er hætt á viðkomandi markaði.

3. Vísun í viðskiptadag í tengslum við rauntímaviðskipti, í skilningi 2. mgr. 38. gr., er vísun í hvern þann dag er venjuleg viðskipti með viðkomandi samning fara fram á markaði.

5. gr.

Vísanir í viðskipti.

Að því er varðar þessa reglugerð er vísun í viðskipti einungis vísun í kaup og sölu á fjármálagerningum. Að því er varðar þessa reglugerð, að undanskildum II. kafla, telst eftirfarandi ekki til kaupa og sölu á fjármálagerningi:

a) fjármögnunarviðskipti með verðbréf,

- b) nýting valréttar eða varins kaupréttar,
- c) frummarkaðsviðskipti (s.s. útgáfa, úthlutun eða áskrift) með fjármálagerninga sem falla undir a- og b-lið 18. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

6. gr.

Fyrsta taka hlutabréfs til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Að því er varðar þessa reglugerð telst fyrsta taka hlutabréfs til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, sem um getur í 40. gr. tilskipunar 2004/39/EB, verða þegar eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- a) hlutabréfið hefur ekki áður verið tekið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði,
- b) hlutabréfið hefur áður verið tekið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði en hlutabréfið hefur verið tekið af öllum skipulegum verðbréfamörkuðum þar sem það hafði verið tekið til viðskipta.

II. KAFLI**SKÝRSLUHALD: FYRIRMÆLI OG VIÐSKIPTI VIÐSKIPTAVINAR**

7. gr.

(6. mgr. 13. gr. tilskipunar 2004/39/EB)

Skýrsluhald um fyrirmæli og ákvarðanir um viðskipti.

Fjármálafyrirtæki skal tafarlaust gera skýrslu, í tengslum við öll fyrirmæli viðskiptavina og allar ákvarðanir um viðskipti sem eru teknar að því er varðar eignastýringu, með eftirfarandi upplýsingum, að því marki sem þær eiga við um viðkomandi fyrirmæli eða ákvörðun um viðskipti:

- a) nafn eða annað heiti viðskiptavinar,
- b) nafn eða annað heiti viðkomandi einstaklings sem starfar fyrir hönd viðskiptavinarins,
- c) upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 4. og 6. lið, og 16.-19. lið í töflu 1 í I. viðauka,
- d) eðli fyrirmælanna ef þau fela í sér annað en kaup eða sölu,
- e) tegund fyrirmælanna,
- f) allar aðrar upplýsingar, skilyrði og sérstakar leiðbeiningar frá viðskiptavininum þar sem tilgreint er hvernig skal framkvæma fyrirmælin,
- g) dagsetning og nákvæm tímasetning þess hvenær fjármálafyrirtækið tók við fyrirmælunum eða ákvað að annast viðskiptin.

8. gr.

(6. mgr. 13. gr. tilskipunar 2004/39/EB)

Skýrsluhald varðandi viðskipti.

1. Um leið og fyrirmæli frá viðskiptavini hafa verið framkvæmd, eða um leið og borist hefur staðfesting á að fyrirmæli hafi verið framkvæmd, ef um er að ræða fjármálafyrirtæki sem miðla fyrirmælum til annars aðila um framkvæmd, skulu fjármálafyrirtæki skrá eftirfarandi upplýsingar um viðkomandi viðskipti:

- a) nafn eða annað auðkenni viðskiptavinar,
 - b) upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 2., 3., 4., 6., og 16.-21. lið í töflu 1 í I. viðauka,
 - c) heildarverðið, sem er samtala einingarverðs og magns,
 - d) eðli viðskiptanna ef þau fela í sér annað en kaup eða sölu,
 - e) einstaklingurinn sem annaðist viðskiptin eða ber ábyrgð á framkvæmd þeirra.
2. Ef fjármálafyrirtæki miðlar fyrirmælum til annars aðila um framkvæmd skal fjármálafyrirtækið tafarlaust skrá eftirfarandi upplýsingar eftir að miðlunin hefur farið fram:
- a) nafn eða annað auðkenni viðskiptavinarins sem gaf fyrirmælin sem var miðlað,
 - b) nafn eða annað auðkenni þess aðila sem fyrirmælunum var miðlað til.
 - c) skilmálar miðlaðra fyrirmæla,
 - d) dagsetning og nákvæm tímasetning miðlunar.

III. KAFLI TILKYNNINGARSKYLDA UM VIÐSKIPTI

9. gr.

(annar undirliður 3. mgr. 25. gr. tilskipunar 2004/39/EB)
Ákvörðun um þann markað þar sem seljanleiki er mestur.

1. Markaður þar sem seljanleiki fjármálagernings sem tekinn hefur verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði er mestur, hér á eftir nefndur „sá markaður sem best á við“, skal ákvarðaður í samræmi við 2.-8. mgr.
2. Ef um ræðir hlutabréf eða annað verðbréf sem fellur undir a-lið 18. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB, eða einingu fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu, er sá markaður sem best á við aðildarríkið þar sem hlutabréfið eða einingin var fyrst tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.
3. Ef um ræðir skuldabréf eða annað verðbréf sem fellur undir b-lið 18. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB, eða peningamarkaðsgerninga, sem í báðum tilvikum eru gefin út af dótturfyrirtæki, í skilningi sjöundu tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga ⁽¹⁾, fyrirtækis sem hefur skráða skrifstofu í aðildarríki, er sá markaður sem best á við aðildarríkið þar sem skráð skrifstofa móðurfyrirtækisins er staðsett.
4. Ef um ræðir skuldabréf eða annað verðbréf sem fellur undir b-lið 18. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB, eða peningamarkaðsgerning, sem útgefandi í Bandalaginu gefur út í báðum tilvikum, og fellur ekki undir 3. mgr. þessarar greinar, er sá markaður sem best á við aðildarríkið þar sem skráð skrifstofa útgefanda er staðsett.
5. Ef um ræðir skuldabréf eða annað verðbréf sem fellur undir b-lið 18. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB, eða peningamarkaðsgerningur, sem útgefandi í þriðja ríki gefur út í báðum tilvikum, og

⁽¹⁾ Stjótt. EBL 193, 18. 7.1983, bls. 1.

fellur ekki undir 3. mgr. þessarar greinar, er sá markaður sem best á við aðildarríkið þar sem hlutabréfið var fyrst tekið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

6. Ef um ræðir afleiðusamning, samning um fjárhagslegan mismun eða verðbréf, sem fellur undir c-lið 18. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB, er sá markaður sem best á við:

- a) þegar undirliggjandi verðbréf er hlutabréf eða annað verðbréf sem fellur undir a-lið 18. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB og er tekið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, markaður þess aðildarríkis þar sem seljanleiki undirliggjandi verðbréfs telst mestur í samræmi við 2. mgr.,
- b) þegar undirliggjandi verðbréf er skuldabréf eða annað verðbréf sem fellur undir b-lið 18. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB eða peningamarkaðsgerningur, sem er tekið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, markaður þess aðildarríkis þar sem seljanleiki undirliggjandi verðbréfs telst mestur í samræmi við 3., 4. eða 5. mgr.,
- c) þegar undirliggjandi verðbréf er vísitala hlutabréfa sem viðskipti fara fram með á tilteknum skipulegum verðbréfamarkaði, markaður þess aðildarríkis þar sem viðkomandi skipulegur verðbréfamarkaður er staðsettur.

7. Í öllum tilvikum sem ekki falla undir 2.-6. mgr., er sá markaður sem best á við aðildarríkið þar sem sá skipulegi verðbréfamarkaður sem fyrst tók til viðskipta verðbréfið, afleiðusamninginn eða samninginn um fjárhagslegan mismun er staðsettur.

8. Ef fjármálagerningur sem fellur undir 2., 5. eða 7. mgr., eða fjármálagerningur sem liggur að baki fjármálagernings sem fellur undir 6. mgr. og 2., 5. eða 7. mgr. eiga við um, var fyrst tekinn til viðskipta á fleiri en einum skipulegum verðbréfamarkaði samtímis og allir þessir skipulegu verðbréfamarkaðir eru í sama heimaaðildarríki, er það aðildarríki sá markaður sem best á við.

Ef viðkomandi skipulegir verðbréfamarkaðir eru ekki í sama heimaaðildarríki er sá markaður sem best á við, með tilliti til seljanleika viðkomandi gernings, markaðurinn þar sem velta gerningsins er mest.

Í því skyni að ákvarða þann markað sem best á við þar sem velta gerningsins er mest skal hvert lögbært yfirvald, sem veitti einum af viðkomandi skipulegum verðbréfamörkuðum starfsleyfi, reikna veltu gerningsins á sínum markaði næstliðið almanaksár, að því tilskildu að gerningurinn hafi verið í viðskiptum í upphafi þess árs.

Ef ekki er hægt að reikna veltu viðkomandi fjármálagernings vegna þess að gögn eru ófullnægjandi eða ekki til og útgefandi hefur skráða skrifstofu í aðildarríki er sá markaður sem best á við markaður í aðildarríkinu þar sem skráð skrifstofa útgefanda er staðsett.

Ef útgefandi hefur hins vegar ekki skráða skrifstofu í aðildarríki er sá markaður sem best á við fyrir viðkomandi gerning markaðurinn þar sem velta viðkomandi flokks gerninga er mest. Í því skyni að ákvarða hvaða markaður það er skal hvert lögbært yfirvald, sem hefur gefið einum af viðkomandi skipulegum verðbréfamörkuðum starfsleyfi, reikna veltu gerninga í sama flokki á sínum markaði fyrir næstliðið almanaksár.

Viðeigandi flokkar fjármálagerninga eru eftirfarandi:

- a) hlutabréf,
- b) skuldabréf eða annars konar tryggð skuldaskjöl,

c) allir aðrir fjármálagerningar.

10. gr.

(önnur undirgrein 3. mgr. 25. gr. tilskipunar 2004/39/EB)

Val um aðra aðferð við ákvörðun um hvaða markaður á best við að því er varðar seljanleika.

1. Í janúar ár hvert er lögbæru yfirvaldi heimilt að tilkynna hlutaðeigandi lögbæru yfirvaldi, að því er tiltekinn fjármálagerning varðar, að það hyggist andmæla ákvörðuninni, sem er tekin í samræmi við 9. gr., um hvaða markaður á best við fyrir viðkomandi gerning.

2. Innan fjögurra vikna frá því að tilkynningin er send skulu bæði yfirvöldin reikna veltu viðkomandi fjármálagernings á sínum markaði fyrir næstliðið almanaksár.

Ef niðurstöður útreikninganna sýna að veltan er meiri á markaði þess lögbæra yfirvalds sem lagði fram andmælin er sá markaður markaðurinn sem best á við fyrir viðkomandi fjármálagerning. Ef fjármálagerningurinn er af tegund sem tilgreind er í a- eða b-lið 6. mgr. 9. gr. er sá markaður einnig sá markaður sem best á við fyrir alla afleiðusamninga, samninga um fjárhagslegan mismun eða verðbréf sem falla undir c-lið 18. liðar 1. mgr. 4. gr tilskipunar 2004/39/EB og fyrir þá gerninga sem viðkomandi fjármálagerningur liggur að baki.

11. gr.

(3. mgr. 25. gr. tilskipunar 2004/39/EB)

Skrá yfir fjármálagerninga.

Viðkomandi lögbært yfirvald að því er varðar einn eða fleiri fjármálagerninga skal tryggja að gerð sé skrá yfir þá fjármálagerninga sem er uppfærð og haldið við. Þessi skrá skal gerð aðgengileg því lögbæra yfirvaldi, sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt sem tengilið, í samræmi við 56. gr. tilskipunar 2004/39/EB. Skráin skal í fyrsta skipti gerð aðgengileg fyrsta viðskiptadaginn í júní 2007.

Í því skyni að aðstoða lögbær yfirvöld við að fara að ákvæðum fyrstu undirgreinar skal hver skipulegur verðbréfamarkaður senda lögbæru yfirvaldi í sínu heimaríki auðkennandi viðmiðunargögn um hvern fjármálagerning, sem hefur verið tekinn til skráningar á rafrænu og stöðluðu formi. Senda skal umræddar upplýsingar um hvern fjármálagerning áður en viðskipti hefjast með þennan tiltekna gerning. Lögbært yfirvald í heimaríki skal tryggja að gögn um viðkomandi fjármálagerning séu send viðeigandi lögbæru yfirvaldi. Uppfæra skal viðmiðunargögn þegar breytingar verða á gögnum sem varða gerning. Heimilt er að fella niður kröfurnar í þessari undirgrein geti viðkomandi lögbært yfirvald aflað viðeigandi viðmiðunargagna á annan hátt að því er varðar fjármálagerninginn.

12. gr.

(5. mgr. 25. tilskipunar 2004/39/EB)

Miðlun tilkynninga.

1. Tilkynningar um viðskipti með fjármálagerninga skulu vera á rafrænu formi nema í undan-tekningartilvikum, en þá mega þær vera á miðli sem geymir upplýsingar á öðru formi en rafrænu þó þannig að lögbær yfirvöld geti nálgast þær til nota í framtíðinni, og skulu aðferðirnar við miðlun þessara tilkynninga uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) þær tryggja öryggi og leynd gagnanna í tilkynningunum,
- b) þær fela í sér kerfi til að greina og leiðrétta villur í tilkynningu um viðskipti,
- c) þær fela í sér kerfi til að staðfesta uppruna tilkynningar um viðskipti,

- d) þær fela í sér viðeigandi varúðarráðstafanir þannig að hægt sé að miðla tilkynningum sem fyrst á nýjan leik, ef bilun verður í kerfinu,
 - e) þær gera kleift að skrá upplýsingarnar, sem krafist er skv. 13. gr., á því formi sem lögbært yfirvald krefst og í samræmi við ákvæði þessarar málsgreinar innan þeirra tímamarka sem sett eru fram í 3. mgr. 25. gr. tilskipunar 2004/39/EB.
2. Lögbær yfirvöld skulu samþykkja samanburðarviðskipta- eða tilkynningarkerfi í skilningi 5. mgr. 25. gr. tilskipunar 2004/39/EB ef ráðstafanir varðandi tilkynningar um viðskipti sem komið er á með því kerfi eru í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og lögbært yfirvald hefur eftirlit með því að þau uppfylli áfram þessi skilyrði.

13. gr.

(3. og 5. mgr. 25. gr. tilskipunar 2004/39/EB)

Efni tilkynninga um viðskipti.

1. Tilkynningar um viðskipti sem um getur í 3. og 5. mgr. 25. gr. tilskipunar 2004/39/EB skulu innihalda þær upplýsingar sem tilgreindar eru í töflu 1 í I. viðauka við þessa reglugerð sem eiga við um viðkomandi tegund fjármálagernings og lögbært yfirvald hefur ekki þegar undir höndum, samkvæmt yfirlýsingu þess eða eru því ekki aðgengilegar á annan hátt.
2. Í því skyni að auðkenna mótaðila viðskiptanna, sem er skipulegur verðbréfamarkaður, markaðstorg fjármálagerninga (MTF) eða annars konar miðlægur mótaðili sem tilgreindur er í töflu 1 í I. viðauka, skal hvert lögbært yfirvald birta opinberlega skrá yfir auðkenniskóða þeirra skipulegu verðbréfamarkaða og markaðstorga fjármálagerninga (MTF), sem hlutaðeigandi lögbært yfirvald heimaaðildarríkis hefur eftirlit með, sem og allra annarra fyrirtækja sem eru miðlægir mótaðilar fyrir slíka skipulega verðbréfamarkaði og markaðstorg fjármálagerninga (MTF).
3. Aðildarríki geta krafist þess að í tilkynningum, sem gerðar eru í samræmi við 3. og 5. mgr. 25. gr. tilskipunar 2004/39/EB, séu nánari upplýsingar varðandi viðskiptin sem um ræðir en þær sem tilgreindar eru í töflu 1 í I. viðauka, ef þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til að lögbært yfirvald geti haft eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja til að tryggja að þau starfi heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku og þannig að það stuðli að heilleika markaðarins og að því tilskildu að eitt af eftirfarandi skilyrðum sé uppfyllt:
- a) að fjármálagerningurinn, sem tilkynningin fjallar um, hafi eiginleika sem eru einkennandi fyrir þess konar gerning og falla ekki undir upplýsingaliðina sem eru tilgreindir í þeirri töflu,
 - b) að viðskiptaaðferðir, sem eru einkennandi fyrir markaðinn þar sem viðskiptin fóru fram, feli í sér þætti sem falla ekki undir upplýsingaliðina í þeirri töflu.
4. Aðildarríkin geta einnig krafist þess að í tilkynningu um viðskipti, sem gerð er í samræmi við 3. og 5. mgr. 25. gr. tilskipunar 2004/39/EB séu tilgreindir þeir viðskiptavinir sem fjármálafyrirtækið annaðist viðskiptin fyrir.

14. gr.

(3. og 5. mgr. 25. gr. tilskipunar 2004/39/EB)

Skipti á upplýsingum um viðskipti.

1. Lögbær yfirvöld skulu gera ráðstafanir sem miða að því að upplýsingar, sem berast í samræmi við 3. og 5. mgr. 25. gr. tilskipunar 2004/39/EB, séu gerðar aðgengilegar eftirfarandi yfirvöldum:
- a) viðeigandi lögbæru yfirvaldi fyrir viðkomandi fjármálagerning,

- b) ef um útibú er að ræða, lögbæru yfirvaldi sem hefur gefið fjármálafyrirtækinu, sem veitti upplýsingarnar, starfsleyfi án þess að hafa áhrif á rétt yfirvaldsins til að taka ekki við þessum upplýsingum, skv. 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 2004/39/EB,
- c) hverju öðru lögbæru yfirvaldi sem óskar eftir upplýsingum til að geta sinnt eftirlitsskyldum sínum í samræmi við 1. mgr. 25. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

2. Upplýsingarnar, sem gera skal aðgengilegar í samræmi við ákvæði 1. mgr., skulu innihalda upplýsingaliðina sem lýst er í töflum 1 og 2 í I. viðauka.

3. Upplýsingarnar, sem vísað er til í 1. mgr., skal gera aðgengilegar eins fljótt og auðið er.

Frá og með 1. nóvember 2008 skulu þessar upplýsingar gerðar aðgengilegar eigi síðar en við lok næsta virka dags hjá lögbæru yfirvaldi sem fékk upplýsingarnar eða beiðnina daginn eftir að því lögbæra yfirvaldi bárust viðkomandi upplýsingar eða beiðni.

4. Lögbær yfirvöld skulu samhæfa eftirfarandi:

- a) útfærslu og innleiðingu ráðstafana varðandi upplýsingaskipti á milli lögbærra yfirvalda eins og kveðið er á um í tilskipun 2004/39/EB og þessari reglugerð,
- b) hugsanlegar síðari endurbætur á tilhöguninni.

5. Lögbær yfirvöld skulu, fyrir 1. febrúar 2007, senda skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar, sem sendir evrópsku verðbréfanefndinni tilkynningu, um útfærslu tilhögunarinnar sem koma skal á í samræmi við ákvæði 1. mgr.

Þau skulu einnig senda skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar, sem sendir evrópsku verðbréfanefndinni tilkynningu, ef verulegar breytingar á þessari tilhögun eru fyrirhugaðar.

15. gr.

(1. mgr. 58. gr. tilskipunar 2004/39/EB)

Beiðni um samstarf og upplýsingaskipti.

1. Ef lögbært yfirvald óskar eftir að annað lögbært yfirvald veiti eða skiptist á upplýsingum, í samræmi við 1. mgr. 58. gr. tilskipunar 2004/39/EB, skal það leggja skriflega beiðni fyrir viðkomandi lögbært yfirvald með nægilega miklum upplýsingum til að það geti veitt þær upplýsingar sem óskað er eftir.

Í brýnum tilvikum er heimilt að bera beiðni fram munnlega að því tilskildu að hún sé staðfest skriflega.

Lögbært yfirvald, sem tekur við beiðni, skal staðfesta viðtöku eins fljótt og auðið er.

2. Ef upplýsingarnar, sem óskað er eftir skv. 1. mgr., liggja fyrir hjá lögbæru yfirvaldi sem tekur við beiðninni skal það yfirvald senda upplýsingarnar, sem óskað er eftir, tafarlaust til lögbæra yfirvaldsins sem lagði fram beiðnina.

Ef lögbært yfirvald, sem tekur við beiðninni, býr hvorki yfir né stjórnar þeim upplýsingum sem óskað er eftir skal það tafarlaust gera nauðsynlegar ráðstafanir til að afla upplýsinganna og verða að fullu við beiðninni. Viðkomandi lögbært yfirvald skal einnig gera lögbæra yfirvaldinu, sem sendi beiðnina, grein fyrir ástæðum þess að það sendi ekki umbeðnar upplýsingar tafarlaust.

16. gr.

(2. mgr. 56. gr. tilskipunar 2004/39/EB)

Ákvörðun varðandi verulegt mikilvægi starfsemi skipulegs verðbréfamarkaðar í gístiaðildarríki.

Starfsemi skipulegs verðbréfamarkaðar í heimaaðildarríki telst verulega mikilvæg fyrir starfsemi verðbréfamarkaða og vernd fjárfesta í gístiaðildarríkinu þar sem eitt eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

- a) gístiaðildarríkið var áður heimaaðildarríki viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar,
- b) viðkomandi skipulegur verðbréfamarkaður hefur með samruna, yfirtöku eða annars konar yfirfærslu tekið við viðskiptum skipulegs verðbréfamarkaðar sem hefur skráða skrifstofu eða aðalskrifstofu í gístiaðildarríkinu.

IV. KAFLI

GAGNSÆI Á MARKAÐI

1. ÞÁTTUR

Gagnsæi á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorg um fjármálagerninga (MTF) fyrir viðskipti.

17. gr.

(29. og 44. gr. tilskipunar 2004/39/EB)

Gagnsæisskylda fyrir viðskipti.

1. Fjármálafyrirtæki eða kauphöll, sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga (MTF) eða skipulegan verðbréfamarkað, skal, að því er varðar hvert hlutabréf sem tekið hefur verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og viðskipti fara fram með innan kerfis sem fyrirtækið eða kauphöllin starfrækir og er tilgreint í töflu 1 í II. viðauka, birta opinberlega upplýsingarnar sem um getur í 2.-6. mgr.

2. Ef einn af aðilunum, sem um getur í 1. mgr., rekur samfellt uppboðsviðskiptakerfi með tilboðs-skrám skal hann, fyrir hvert hlutabréf sem tilgreint er í 1. mgr., birta samfellt á almennum opnunartíma samanlagðan fjölda fyrirmæla og hlutabréfa, sem þessi fyrirmæli eiga við um á hverju verði, fyrir fimm hagstæðustu verð á kaup- og söluhlíð.

3. Ef einn af aðilunum, sem um getur í 1. mgr., rekur tilboðsdrifið viðskiptakerfi skal hann, fyrir hvert hlutabréf sem tilgreint er í 1. mgr., birta samfellt á almennum opnunartíma hagstæðasta kaup- og söluþilboð hvers viðskiptavaka að því er varðar viðkomandi hlutabréf ásamt fjölda hlutabréfa til boða á þessu verði.

Verðtilboðin sem gerð eru opinber eru þau tilboð sem fela í sér skuldbindingu um að kaupa og selja hlutabréfin og þar sem tilgreint er verð og fjöldi hlutabréfa sem skráðir viðskiptavakar eru reiðubúnir að kaupa eða selja.

Við sérstakar aðstæður á markaði má heimila leiðbeinandi verð eða verð sem einungis nær til kaupa eða sölu í takmarkaðan tíma.

4. Ef einn af aðilunum, sem um getur í 1. mgr., rekur reglulegt uppboðsviðskiptakerfi skal hann, fyrir hvert hlutabréf sem tilgreint er í 1. mgr., birta samfellt á almennum opnunartíma það verð sem best uppfyllir viðskiptaútreikninga kerfisins ásamt því magni sem þátttakendurnir í kerfinu geta mögulega átt viðskipti með á þessu verði.

5. Ef einn af aðilunum, sem um getur í 1. mgr., rekur viðskiptakerfi sem fellur ekki að öllu leyti undir 2., 3. eða 4. mgr., annaðhvort vegna þess að það er blandað kerfi sem fellur undir fleiri en eina af þessum málsgreinum eða vegna þess að verðákvörðunarferlið er af öðrum toga, skal hann viðhalda

gagnsæi fyrir viðskipti sem tryggir að fullnægjandi upplýsingar séu birtar um verð fyrir mæla eða tilboða fyrir hvert hlutabréf, sem tilgreint er í 1. mgr., auk umfangs viðskiptaáhuga á viðkomandi hlutabréfi.

Einkum skal birta fimm hagstæðustu kaup- og sölutilboð og/eða kaup- og sölutilboð hvers viðskiptavaka í viðkomandi hlutabréf ef eiginleikar verðákvörðunarkerfisins heimila það.

6. Samantekt á upplýsingunum sem ber að birta í samræmi við 2.-5. mgr. eru tilgreindar í töflu 1 í II. viðauka.

18. gr.

(2. mgr. 29. gr. og 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2004/39/EB)

Undanþágur sem byggjast á markaðsgerð og eðli fyrir mæla eða viðskipta.

1. Lögbærum yfirvöldum er heimilt, í samræmi við 2. mgr. 29. gr. og 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2004/39/EB, að veita kerfum, sem markaðstorg fjármálagerninga (MTF) eða skipulegur verðbréfamarkaður rekur, undanþágur, að því tilskildu að þessi kerfi uppfylli eitt af eftirfarandi skilyrðum:

- a) þau byggjast á viðskiptaaðferðum sem verðið ákvarðast af í samræmi við viðmiðunarverð sem annað kerfi myndar þar sem það viðmiðunarverð er birt víða og markaðsaðilar telja það að jafnaði áreiðanlegt viðmiðunarverð,
- b) þau geri umsamin viðskipti formleg og sérhver viðskipti uppfylli annað eftirfarandi skilyrða:
 - i) þau eru stunduð á eða innan gildandi magnvegins verðbils sem fram kemur í tilboðsskrá eða verðtilboðum viðskiptavaka skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) sem rekur kerfið eða, ef viðskipti með hlutabréfið eru ekki samfelld, innan hundraðshluta af viðeigandi viðmiðunarverði þar sem rekstraraðili kerfisins ákvarðar hundraðshlutann og viðmiðunarverðið fyrirfram.
 - ii) þau eru háð öðrum skilyrðum en gildandi markaðsverði hlutabréfsins.

Að því er varðar b-lið verða önnur skilyrði, sem tilgreind eru í reglum skipulega verðbréfamarkaðarins eða markaðstorgsins, fyrir þessa tegund viðskipta að hafa verið uppfyllt.

Ef virkni kerfa er önnur en sú sem lýst er í a- og b-lið gildir undanþágan ekki um þá virkni.

2. Undanþágur sem byggjast á því hvers eðlis fyrir mælin eru má einungis veita í tengslum við fyrir mæli sem geymd eru í stýringarkerfi fyrir mæla skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) fyrir fyrir mæli þar til þau eru birt á markaði í samræmi við 2. mgr. 29. gr. og 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

19. gr.

(2. mgr. 29. gr. og 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2004/39/EB)

Vísanir í umsamin viðskipti.

Að því er varðar b-lið 1. mgr. 18. gr. skal merking hugtaksins umsamin viðskipti vera viðskipti aðila eða þátttakenda á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) sem samið er um á einkavettvangi en fara fram á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) og aðilinn eða þátttakandinn annast eitt af eftirfarandi verkefnum:

- a) viðskipti fyrir eigin reikning við annan aðila eða þátttakanda sem stundar viðskipti fyrir reikning viðskiptavinar,

- b) viðskipti við annan aðila eða þátttakanda þar sem báðir framkvæma fyrirmæli fyrir eigin reikning,
- c) annast viðskipti fyrir hönd bæði kaupanda og seljanda,
- d) annast viðskipti fyrir hönd kaupanda þar sem annar aðili eða þátttakandi annast viðskipti fyrir reikning seljanda,
- e) viðskipti fyrir eigin reikning þar sem gengið er að tilboði viðskiptavinar.

20. gr.

(2. mgr. 29. gr., 2. mgr. 44. gr. og fimmta undirgrein 1. mgr. 27. gr. tilskipunar 2004/39/EB)

Undanþágur í tengslum við umfangsmikil viðskipti.

Fyrirmæli teljast vera umfangsmikil í samanburði við venjulega markaðsstærð ef þau eru jafn umfangsmikil eða umfangsmeiri en lágmarksumfang fyrirmæla sem tilgreint er í töflu 2 í II. viðauka. Til að ákvarða hvort fyrirmæli eru umfangsmikil í samanburði við venjulega markaðsstærð skal flokka öll hlutabréf, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, í samræmi við meðal-dagsveltu þeirra sem skal reiknuð með aðferðinni sem sett er fram í 33. gr.

2. ÞÁTTUR

Gagnsæisskylda innmiðlara áður en viðskipti fara fram.

21. gr.

(7. liður 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB)

Viðmiðanir til að ákvarða hvort fjármálafyrirtæki sé innmiðlari.

1. Ef fjármálafyrirtæki stundar viðskipti fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina utan skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) skal fara með það sem innmiðlara ef það uppfyllir eftirfarandi skilyrði sem sýna að það sinnir starfseminni á skipulegan, tíðan og kerfisbundinn hátt:

- a) starfsemin gegnir umtalsverðu viðskiptalegu hlutverki fyrir fyrirtækið og fer hún fram í samræmi við almennar reglur og verkferla,
- b) annaðhvort annast starfsfólk starfsemina eða hún fer fram með hjálp sjálfvirks tæknikerfis, sem er sérstaklega ætlað til þessara nota óháð því hvort starfsfólkið eða kerfið er notað í þessum eina tilgangi,
- c) viðskiptavinir hafa reglubundinn eða stöðugan aðgang að starfseminni.

2. Fjármálafyrirtæki telst ekki lengur vera innmiðlari með eitt eða fleiri hlutabréf ef það hættir starfseminni sem tilgreind er í 1. mgr. með tilliti til þessara hlutabréfa, að því tilskildu að fyrirtækið hafi fyrirfram tilkynnt að það hyggist hætta starfseminni eftir sömu leiðum og fyrirtækið birtir verðtilboð sín eða, ef það er ekki mögulegt, tilkynnt um slíkt með öðrum þeim hætti sem er jafn aðgengilegur fyrir viðskiptavinum fyrirtækisins og aðra þátttakendur á markaði.

3. Viðskipti fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavinar teljast ekki stunduð á skipulegan, tíðan og kerfisbundinn hátt ef eftirfarandi á við:

- a) viðskiptin eru sértæk og óregluleg og eru við mótaðila sem stunda heildsöluviðskipti og eru hluti af viðskiptasambandi er einkennast af viðskiptum sem eru yfir staðlaðri markaðsstærð,

b) viðskiptin fara fram utan markaðskerfa sem hlutaðeigandi fyrirtæki notar venjulega fyrir viðskipti sín sem innmiðlari.

4. Hvert lögbært yfirvald skal tryggja að skrá yfir alla innmiðlara sé haldið við og hún birt með tilliti til hlutabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, sem það hefur gefið starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki.

Það skal sjá til þess að skráin sé uppfærð með endurskoðun, a.m.k. árlega.

Samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði skal fá aðgang að skránni. Hún telst birt þegar samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði hefur birt hana í samræmi við 5. mgr. 34. gr.

22. gr.

(27. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Ákvörðun seljanlegra hlutabréfa.

1. Hlutabréf, sem tekið hefur verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, telst seljanlegt ef viðskipti með hlutabréfið eru stunduð daglega, flot er ekki undir 500 milljónum evra og annað eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

- a) meðalfjöldi viðskipta með hlutabréfið er ekki undir 500 á dag,
- b) meðaldagsvelta hlutabréfsins er ekki minni en 2 milljónir evra.

Aðildarríki er þó heimilt, með tilliti til hlutabréfa sem það er viðeigandi markaður fyrir, að tilkynna að ofangreind skilyrða skuli hvortveggja uppfyllt. Tilkynningin skal gerð opinber.

2. Aðildarríki er heimilt að tilgreina lágmarksfjölda seljanlegra hlutabréfa að því er það aðildarríki varðar. Lágmarksfjöldinn skal ekki vera yfir fimm. Forskriftin skal gerð opinber.

3. Ef aðildarríki er, skv. 1. mgr., viðeigandi markaður fyrir færri seljanleg hlutabréf en sem nemur lágmarksfjöldanum sem tilgreindur er í samræmi við 2. mgr. er lögbæru yfirvaldi í viðkomandi aðildarríki heimilt að bæta við einu eða fleiri seljanlegum hlutabréfum, að því tilskildu að heildarfjöldi hlutabréfa, sem þar af leiðandi teljast vera seljanleg hlutabréf þar sem viðkomandi aðildarríki er viðeigandi markaður, sé ekki meiri en lágmarksfjöldinn sem aðildarríkið tilgreinir.

Lögbært yfirvald skal bæta seljanlegu hlutabréfunum við í fallandi röð miðað við meðaldagsveltu hlutabréfa af þeim hlutabréfum sem það er viðkomandi lögbært yfirvald fyrir, sem eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og viðskipti eru stunduð með daglega.

4. Að því er varðar fyrstu undirgrein 1. mgr. útilokar útreikningur á floti hlutabréfs eignarhlutdeild sem nemur meira en 5% af heildaratkvæðisrétti útgefanda nema slík eignarhlutdeild sé í höndum fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu eða í höndum lífeyrissjóðs.

Reikna skal atkvæðisrétt á grundvelli allra hlutabréfa sem atkvæðisréttur fylgir jafnvel þótt nýting slíks réttar falli niður.

5. Hlutabréf telst ekki seljanlegt í skilningi 27. gr. tilskipunar 2004/39/EB fyrr en sex vikum eftir að það var fyrst tekið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði ef áætlað heildarmarkaðsverðmæti viðkomandi hlutabréfs er minna en 500 milljónir evra við upphaf fyrsta viðskiptadags eftir töku til viðskipta, í samræmi við 3. mgr. 33. gr.

6. Hvert lögbært yfirvald skal tryggja að skrá yfir öll seljanleg hlutabréf, sem það er viðeigandi lögbært yfirvald fyrir, sé haldið við og birt.

Það skal sjá til þess að skráin sé uppfærð með endurskoðun, a.m.k. árlega.

Samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði skal fá aðgang að skránni. Hún telst birt þegar samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði hefur birt hana í samræmi við 5. mgr. 34. gr.

23. gr.
(Fjórða undirgrein 1. mgr. 27. gr. tilskipunar 2004/39/EB)
Stöðluð markaðsstærð.

Í því skyni að ákvarða staðlaða markaðsstærð fyrir seljanleg hlutabréf skal flokka þau eftir meðalverðmæti þeirra fyrirmæla sem eru framkvæmd í samræmi við töflu 3 í II. viðauka.

24. gr.
(1. mgr. 27. gr. tilskipunar 2004/39/EB)
Verðtilboð sem endurspeglar ríkjandi markaðsaðstæður.

Innmiðlari skal, fyrir hvert seljanlegt hlutabréf sem hann er innmiðlari fyrir, viðhalda eftirfarandi:

- a) verðtilboði eða verðtilboðum sem liggja nálægt verði sambærilegra tilboða í sama hlutabréfið á öðrum markaði,
- b) skrá yfir verðtilboð sín, sem hann skal varðveita í 12 mánuði eða lengur, eftir því sem honum finnst viðeigandi.

Sú skylda, sem mælt er fyrir um í b-lið, hefur ekki áhrif á skyldu fjármálafyrirtækis, skv. 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2004/39/EB, um að hafa tiltæk handa lögbæru yfirvaldi í a.m.k. fimm ár viðeigandi gögn varðandi öll viðskipti sem það hefur annast.

25. gr.
(Fimmta undirgrein 3. og 6. mgr. 27. gr. tilskipunar 2004/39/EB)
Innmiðlarar sem framkvæma fyrirmæli.

1. Að því er varðar fimmtu undirgrein 3. mgr. 27. gr. tilskipunar 2004/39/EB teljast viðskipti með nokkur verðbréf hluti af sömu viðskiptunum ef þessi einu viðskipti eru viðskipti með eignasafn sem varða 10 eða fleiri verðbréf.

Að því er varðar sömu ákvæði eru fyrirmæli sem eru háð öðrum skilyrðum en gildandi markaðsverði þau fyrirmæli sem eru hvorki fyrirmæli um viðskipti með hlutabréf á ríkjandi markaðsverði né skilyrt fyrirmæli.

2. Að því er varðar 6. mgr. 27. gr. tilskipunar 2004/39/EB telst fjöldi eða umfang fyrirmæla töluvert meiri en það sem venjulegt er ef innmiðlari getur ekki framkvæmt þessi fyrirmæli án þess að taka óþarfa áhættu.

Innmiðlari skal viðhalda og hrinda í framkvæmd stefnu, án mismununar, sem lið í stefnu sinni um áhættustýringu, skv. 7. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB⁽¹⁾, í því skyni að tilgreina fjölda og umfang fyrirmæla sem hann getur framkvæmt án þess að taka óþarfa áhættu og skal stefnan

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 241, 2.9.2006, bls. 26.

taka mið af magni viðskiptanna, því fjármagni sem fyrirtækið á til að mæta þeirri áhættu sem fylgir slíkum viðskiptum og hvaða aðstæður eru ríkjandi á markaðnum þar sem fyrirtækið starfar.

3. Ef fjármálafyrirtæki takmarkar fjölda eða umfang fyrirmæla sem það tekur að sér að framkvæma, í samræmi við 6. mgr. 27. gr. tilskipunar 2004/39/EB, skal það skrá skriflega þær ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja að slík takmörkun leiði ekki til mismununar í meðferð viðskiptavina og gera upplýsingarnar aðgengilegar fyrir viðskiptavinum og hugsanlega viðskiptavinum.

26. gr.
(Fjórða undirgrein 3. mgr. 27. gr. tilskipunar 2004/39/EB)
Umfang smásölu.

Að því er varðar fjórðu undirgrein 3. mgr. 27. gr. tilskipunar 2004/39/EB teljast fyrirmæli vera umfangsmeiri en venjuleg fyrirmæli almennra fjárfesta ef þau nema meira en 7500 evrum.

3. ÞÁTTUR

Gagnsæi á skipulegum verðbréfamörkuðum, markaðstorgum fjármálagerninga (MTF) og fjármálafyrirtækjum eftir að viðskipti hafa farið fram.

27. gr.
(28. gr., 30. gr. og 45. gr. tilskipunar 2004/39/EB)
Gagnsæisskylda eftir að viðskipti hafa farið fram.

1. Fjármálafyrirtæki, skipulegir verðbréfamarkaðir ásamt fjármálafyrirtækjum og kauphöllum sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga (MTF) skulu, að því er varðar viðskipti með hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði sem þeir annast eða, ef um er að ræða skipulega verðbréfamarkaði eða markaðstorg fjármálagerninga (MTF), viðskipti sem fara fram innan þeirra kerfa, birta eftirfarandi upplýsingar:

- a) upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 2., 3., 6., 16., 17., 18. og 21. lið í töflu 1 í I. viðauka,
- b) upplýsingar um að skipti á hlutabréfum ákvarðist af öðrum þáttum en gildandi markaðsmati á hlutabréfinu, þar sem við á,
- c) upplýsingar um að viðskiptin voru umsamin, þar sem við á,
- d) breytingar á upplýsingum sem hafa birst áður, þar sem við á.

Þessar upplýsingar skal annaðhvort birta með tilvísun í hver viðskipti fyrir sig eða sem heildarmagn og verð í öllum viðskiptum með sama hlutabréfið á sama tíma og á sama verði.

2. Sú undantekning gildir um innmiðlara að þeim er heimilt að nota skammstöfunina „SI“ í stað auðkenningar markaðarins, sem um getur í a-lið 1. mgr. í tengslum við viðskipti með hlutabréf sem þeir annast sem innmiðlarar að því er varðar viðkomandi hlutabréf.

Innmiðlara er einungis heimilt að nýta sér þennan rétt ef hann birtir opinberlega heildarársfjórðungs-gögn um viðskipti, sem hann annast sem innmiðlari, að því er varðar viðkomandi hlutabréf í tengslum við næstliðinn almanaksársfjórðung, eða hluta almanaksársfjórðungs, þegar fyrirtækið starfaði sem innmiðlari í tengslum við viðkomandi hlutabréf. Þessi gögn skulu birt eigi síðar en einum mánuði eftir lok hvers almanaksársfjórðungs.

Innmiðlara er einnig heimilt að nýta sér þennan rétt á tímabilinu frá þeim degi sem tilgreindur er í 2. mgr. 41. gr., eða þeim degi sem fyrirtækið hefur starfsemi sem innmiðlari í tengslum við hlutabréf,

hvor heldur er seinna, og til þess dags þegar fyrst á að birta heildarársfjórðungsgögn í tengslum við tiltekið hlutabréf.

3. Í heildarársfjórðungsgögnunum, sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr., skulu vera eftirfarandi upplýsingar um hlutabréfið með tilliti til hvers viðskiptadags í viðkomandi almanaksársfjórðungi:

- a) hæsta verð,
- b) lægsta verð,
- c) meðalverð,
- d) heildarfjöldi hlutabréfa sem stunduð hafa verið viðskipti með,
- e) heildarfjöldi viðskipta,
- f) aðrar upplýsingar sem innmiðlarinn ákveður að gera aðgengilegar.

4. Ef viðskiptin fara fram utan reglna skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármála-gerninga (MTF) skal eitt af eftirfarandi fjármálafyrirtækjum, með samkomulagi milli aðilanna, sjá um að upplýsingarnar séu birtar:

- a) fjármálafyrirtækið sem selur viðkomandi hlutabréf,
- b) fjármálafyrirtækið sem starfar fyrir hönd seljanda eða sér um viðskipti hans,
- c) fjármálafyrirtækið sem starfar fyrir hönd kaupanda eða sér um viðskipti hans,
- d) fjármálafyrirtækið sem kaupir viðkomandi hlutabréf.

Ef slíkt samkomulag er ekki fyrir hendi ákvarðast það hvaða fjármálafyrirtæki skal birta upplýsingarnar með því að fara frá a-lið til d-liðar í þeirri röð þar til kemur að þeim lið sem á við í viðkomandi tilviki.

Aðilarnir skulu gera allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að viðskiptin séu birt sem ein viðskipti. Í þessu tilliti teljast tvönn sams konar viðskipti sem fara fram á sama tíma, á sama verði og við sama mót-aðila vera ein viðskipti.

28. gr.

(28., 30. og 45. gr. tilskipunar 2004/39/EB)

Birtingu umfangsmikilla viðskipta frestað.

Veita má heimild til að fresta birtingu upplýsinga um viðskipti, þó ekki í lengri tíma en tiltekið er í töflu 4 í II. viðauka fyrir viðkomandi flokk hlutabréfa og viðskipti, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) viðskiptin eru milli fjármálafyrirtækis sem stundar viðskipti fyrir eigin reikning og viðskiptavinar þess fyrirtækis,
- b) umfang viðskiptanna er jafnmikið eða meira en viðeigandi tilskilið lágmarksumfang, eins og tilgreint er í töflu 4 í II. viðauka.

Í því skyni að ákvarða viðeigandi tilskilið lágmarks umfang í skilningi b-liðar skal flokka öll hlutabréf, sem tekin eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, í samræmi við meðaldagsveltu þeirra sem skal reiknuð út í samræmi 33. gr.

4. ÞÁTTUR

Ákvæði sem eiga við um gagnsæi bæði fyrir og eftir viðskipti

29. gr.

(3. mgr. 27. gr., 1. mgr. 28. gr., 1. mgr. 29. gr., 1. mgr. 44. gr. og 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2004/39/EB)
Birting og aðgengi gagna um gagnsæi áður og eftir að viðskipti fara fram.

1. Skipulegur verðbréfamarkaður, markaðstorg fjármálagerninga (MTF) eða innmiðlari telst hafa birta forviðskiptaupplýsingar, samfelld á almennum viðskiptatíma ef upplýsingarnar eru birtar um leið og þær liggja fyrir á venjulegum viðskiptatíma viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar, markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) eða innmiðlara og eru aðgengilegar þar til þær eru uppfærðar.

2. Forviðskiptaupplýsingar ásamt upplýsingum um viðskipti eftir að þau fara fram á markaði og á almennum viðskiptatíma skulu gerðar aðgengilegar eins nálægt rauntíma og kostur er. Upplýsingar um slík viðskipti eftir að þau fara fram skulu í öllum tilvikum gerðar aðgengilegar innan þriggja mínútna eftir að viðkomandi viðskipti hafa farið fram.

3. Upplýsingar sem tengjast viðskiptum með hlutabréfasafn skulu gerðar aðgengilegar eins nálægt rauntíma og kostur er fyrir hver hlutaviðskipti með hliðsjón af nauðsyn þess að ákvarða verð tiltekinn hlutabréfa. Hver hlutaviðskipti skal meta sérstaklega til að ákvarða hvort unnt sé að fresta birtingu að því er varðar viðkomandi viðskipti skv. 28. gr.

4. Upplýsingar um viðskipti, sem tengjast viðskiptum sem eiga sér stað á markaði en fara fram utan almenns opnunartíma skulu birtar áður en markaðurinn, þar sem viðskiptin fóru fram, opnar næsta viðskiptadag.

5. Upplýsingar um viðskipti að því er varðar viðskipti, sem fara fram utan markaðar, skulu birtar:

- a) eins nálægt rauntíma og kostur er ef viðskiptin fara fram á viðskiptadegi á viðeigandi markaði fyrir viðkomandi hlutabréf eða á almennum opnunartíma fjármálafyrirtækisins. Upplýsingar um viðskipti, sem tengjast slíkum viðskiptum, skulu í öllum tilvikum gerðar aðgengilegar innan þriggja mínútna eftir að viðkomandi viðskipti hafa farið fram,
- b) í tilviki sem fellur ekki undir a-lið tafarlaust við upphaf almenns opnunartíma fjármálafyrirtækisins eða í síðasta lagi áður en næsti viðskiptadagur hefst á viðeigandi markaði fyrir viðkomandi hlutabréf.

30. gr.

(27., 28., 29., 30., 44. og 45. gr. tilskipunar 2004/39/EB)

Aðgengi almennings að upplýsingum fyrir og eftir að viðskipti fara fram.

Að því er varðar 27., 28., 29., 30., 44. og 45. gr. tilskipunar 2004/39/EB og þessarar reglugerðar teljast upplýsingar fyrir og eftir að viðskipti fara fram vera opinberar eða aðgengilegar almenningi ef þær eru gerðar aðgengilegar fjárfestum í Bandalaginu eftir eftirfarandi leiðum:

- a) með kerfi skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF),
- b) með kerfi þriðja aðila,

c) með eigin ráðstöfunum.

31. gr.

(2. mgr. 22. gr. tilskipunar 2004/39/EB)
Birting skilyrtra fyrirmæla viðskiptavina.

Fjármálafyrirtæki telst hafa birt skilyrt fyrirmæli viðskiptavina sem ekki er hægt að framkvæma tafarlaust ef það sendir fyrirmælin á skipulegan verðbréfamarkað eða markaðstorg fjármálagerninga (MTF) sem rekur tilboðsskráaviðskiptakerfi, eða tryggir að fyrirmælin séu gerð opinber og unnt sé að framkvæma þau um leið og markaðsaðstæður leyfa.

32. gr.

(2. mgr. 22. gr., 27., 28., 29., 30., 44. og 45. gr. tilskipunar 2004/39/EB)
Fyrirkomulag við birtingu upplýsinga.

Hvers konar fyrirkomulag varðandi birtingu upplýsinga, sem er komið á með hliðsjón af 30. og 31. gr., skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) það skal fela í sér allar eðlilegar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til þess að tryggja að upplýsingarnar sem eru birtar séu áreiðanlegar, stöðugt eftirlit haft með villum og þær skulu leiðréttar um leið og þær finnast,
- b) með því skal auðvelduð sameining þessara gagna og svipaðra gagna úr öðrum heimildum,
- c) með því skulu upplýsingarnar gerðar aðgengilegar opinberlega á viðskiptalegum grundvelli án mismununar og gegn sanngjörnu gjaldi.

33. gr.

(27., 28., 29., 30., 44. og 45. gr. tilskipunar 2004/39/EB)

Útreikningar og mat fyrir hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

1. Viðkomandi lögbært yfirvald skal tryggja, að því er varðar hvert hlutabréf sem tekið hefur verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, að eftirfarandi útreikningar séu gerðir með tilliti til viðkomandi hlutabréfs tafarlaust eftir lok hvers almanaksárs:

- a) meðaldagsvelta,
- b) meðalfjöldi viðskipta dag hvern,
- c) að því er varðar hlutabréf sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í a- eða b-lið 1. mgr. 22. gr. (eftir því sem við á), flot 31. desember,
- d) meðalverðmæti fyrirmæla, sem hafa verið framkvæmd, ef hlutabréfið er seljanlegt hlutabréf.

Ákvæði þessarar málsgreinar og 2. mgr. gilda ekki um hlutabréf sem er fyrst tekið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði fjórum vikum eða skemur fyrir lok almanaksárs.

2. Við útreikning á meðaldagsveltu, meðalverðmæti framkvæmdra fyrirmæla og meðalfjölda viðskipta skal taka mið af öllum framkvæmdum fyrirmælum í Bandalaginu sem varða viðkomandi hlutabréf frá 1. janúar til 31. desember næstliðins árs, eða, ef við á, þann árschluta þegar hlutabréfið var tekið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og viðskipti með það á skipulegum verðbréfamarkaði voru ekki tímabundið stöðvuð.

Við útreikning á meðaldagsveltu, meðalverðmæti framkvæmdra fyrirmæla og meðalfjölda viðskipta með hlutabréf teljast ekki dagar sem ekki eru viðskiptadagar í aðildarríki viðeigandi lögbærs yfirvalds að því er varðar viðkomandi hlutabréf.

3. Áður en hlutabréf er fyrst tekið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal viðeigandi lögbært yfirvald tryggja, að því er varðar viðkomandi hlutabréf, að gert sé mat á meðaldagsveltu þessa hlutabréfs, markaðsverðmæti við upphaf fyrsta viðskiptadags og ef áætlað markaðsverðmæti er 500 milljónir evra eða meira:

- a) meðalfjölda viðskipta dag hvern og flot að því er varðar hlutabréf sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í a- eða b-lið 1. mgr. 22. gr. (eftir því sem við á),
- b) meðalvirði framkvæmdra fyrirmæla ef um er að ræða hlutabréf sem áætlað er að sé seljanlegt.

Matið skal eiga við sex vikna tímabil í kjölfar töku til viðskipta, eða lok tímabilsins, eftir því sem við á, og skal það taka mið af fyrri viðskiptasögu hlutabréfsins auk hlutabréfa sem þykja hafa sambærilega eiginleika.

4. Eftir að hlutabréf er fyrst tekið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal viðeigandi lögbært yfirvald tryggja, að því er varðar þetta hlutabréf, að tölurnar, sem um getur í a- til d-lið 1. mgr., séu reiknaðar, á grundvelli gagna um fyrstu fjórar vikur viðskipta, eins og vísun í 31. desember í c-lið 1. mgr. væri vísun í lok viðskipta fyrstu fjögurra vikna, eins fljótt og unnt er eftir að þessi gögn liggja fyrir og í öllum tilvikum áður en sex vikna tímabilinu, sem um getur í 5. mgr. 22. gr., lýkur.

5. Innan almanaksárs skulu viðeigandi lögbær yfirvöld tryggja endurskoðun og ef nauðsynlegt þykir að fram fari endurútreikningur á meðaldagsveltu, meðalverðmæti framkvæmdra fyrirmæla, meðalfjölda viðskipta dag hvern og floti ef breyting verður í tengslum við hlutabréfið eða útgefandann sem hefur veruleg varanleg áhrif á niðurstöður fyrri útreikninga.

6. Útreikningarnir, sem um getur í 1.-5. mgr., sem ber að birta fyrsta viðskiptadaginn í mars 2009, eða fyrr, skulu byggjast á gögnum varðandi skipulegan verðbréfamarkað eða markaði í aðildarríkinu sem er viðeigandi að því er varðar seljanleika viðkomandi hlutabréfs. Í þessu tilliti skulu umsamin viðskipti í skilningi 19. gr. ekki tekin með í útreikningunum.

34. gr.

(27., 28., 29., 30., 44. og 45. gr. tilskipunar 2004/39/EB)

Birting og áhrif niðurstaðna útreikninga og mats sem krafist er.

1. Fyrsta viðskiptadag í mars á hverju ári skal hvert lögbært yfirvald tryggja að eftirfarandi upplýsingar séu birtar, í tengslum við hvert hlutabréf sem það er viðeigandi lögbært yfirvald fyrir og sem var tekið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði við lok næstliðins almanaksárs:

- a) meðaldagsvelta og meðalfjöldi viðskipta dag hvern sem reiknast út í samræmi við 1. og 2. mgr. 33. gr.,
- b) flot og meðalverðmæti framkvæmdra fyrirmæla sem reiknast út í samræmi við 1. og 2. mgr. 33. gr.

Þessi málsgrein gildir ekki um hlutabréf sem önnur undirgrein 1. mgr. 33. gr gildir um.

2. Niðurstöður matsins og útreikninganna sem krafist er skv. 3., 4., eða 5. mgr. 33. gr. skulu birtar eins fljótt og auðið er eftir að útreikningum eða mati er lokið.

3. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. eða 2. mgr., teljast birtar þegar samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði hefur birt þær í samræmi við 5. mgr.

4. Að því er varðar þessa reglugerð gildir eftirfarandi:

- a) flokkunin sem byggist á birtingu, sem um getur í 1. mgr., gildir fyrir 12 mánaða tímabil sem hefst 1. apríl, í kjölfar birtingar, og lýkur 31. mars næstkomandi árs,
- b) flokkunin sem byggist á mati, sem um getur í 3. mgr. 33. gr., gildir frá viðkomandi fyrstu töku til viðskipta þar til sex vikna tímabilinu, sem um getur í 5. mgr. 22. gr., lýkur,
- c) flokkunin sem byggist á útreikningum, sem tilgreindir eru í 4. mgr. 33. gr., gilda frá lokum sex vikna tímabilsins, sem um getur í 5. mgr. 22. gr., til:
 - i) 31. mars næstkomandi árs, ef sex vikna tímabilinu lýkur á tímabilinu frá 15. janúar til 31. mars (að þeim dögum meðtöldum),
 - ii) að öðrum kosti, næstkomandi 31. mars eftir að tímabilinu er lokið.

Flokkunin sem byggist á endurútreikningum, sem tilgreindir eru í 5. mgr. 33. gr., skulu þó gilda frá birtingardegi og til næstkomandi 31. mars, nema nýir endurútreikningar fari fram í samræmi við 5. mgr. 33. gr.

5. Samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði skal, á grundvelli upplýsinga sem lögbær yfirvöld veita henni, eða eru veittar fyrir hönd þeirra, birta á vefsíðu sinni sameinaðar og reglulega uppfærðar skrár yfir:

- a) alla innmiðlara að því er varðar hlutabréf sem tekið hefur verið til viðskipta á skipulegum markaði,
- b) öll hlutabréf, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, með upplýsingum um:
 - i) meðaldagsveltu, meðalfjölda viðskipta dag hvern og flot að því er varðar hlutabréf sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í a- eða b-lið 1. mgr. 22. gr. (eftir því sem við á),
 - ii) meðalverðmæti framkvæmdra fyrirmæla og staðlaða markaðsstærð fyrir viðkomandi hlutabréf ef um er að ræða seljanlegt hlutabréf,
 - iii) ef um er að ræða seljanlegt hlutabréf sem hefur verið bætt við sem seljanlegu hlutabréfi í samræmi við 3. mgr. 22. gr., heiti lögbæra yfirvaldsins sem bætti því við og
 - iv) viðeigandi lögbært yfirvald.

6. Hvert lögbært yfirvald skal tryggja að upplýsingarnar, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr., séu fyrst birtar á fyrsta viðskiptadegi í júlí 2007 miðað við viðmiðunartímabilið frá 1. apríl 2006 til 31. mars 2007. Þrátt fyrir 4. mgr. gildir flokkunin, sem byggist á birtingunni, á fimm mánaða tímabili sem hefst 1. nóvember 2007 og lýkur 31. mars 2008.

V. KAFLI
TAKA FJÁRMÁLAGERNINGA TIL VIÐSKIPTA

35. gr.
(1. mgr. 40. gr. tilskipunar 2004/39/EB)
Verðbréf.

1. Viðskipti með verðbréf teljast vera án takmarkana í skilningi 1. mgr. 40. gr. tilskipunar 2004/39/EB ef aðilar að viðskiptum geta verslað með þau og framselt þau án takmarkana og ef öll verðbréf, sem tilheyra sama flokki og viðkomandi verðbréf, eru skiptanleg.
2. Viðskipti með framseljanleg verðbréf sem eru háð takmörkunum á framsali teljast ekki vera án takmarkana nema ólíklegt sé að takmarkanirnar raski markaðnum.
3. Viðskipti með verðbréf, sem ekki hafa verið greidd að fullu, geta talist án takmarkana ef ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja að engin höft séu á sölu slíkra verðbréfa og að fullnægjandi upplýsingar um að verðbréfin séu ekki greidd að fullu og áhrif þess fyrir hluthafa séu aðgengilegar öllum.
4. Þegar skipulegur verðbréfamarkaður ákvarðar, að eigin vild, hvort taka eigi hlutabréf til viðskipta skal markaðurinn taka tillit til eftirfarandi við mat á því hvort unnt sé að stunda viðskipti með verðbréf á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt:
 - a) dreifingu þessara hlutabréfa til almennings,
 - b) eldri fjárhagsupplýsinga, upplýsinga um útgefanda og upplýsinga sem veita yfirlit yfir rekstur eins og krafist er að teknar séu saman samkvæmt tilskipun 2003/71/EB, eða sem eru eða munu á annan hátt verða birtar opinberlega.
5. Viðskipti með verðbréf, sem er skráð opinberlega í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB ⁽¹⁾ og ef skráning þess fellur ekki tímabundið niður, teljast vera án takmarkana og unnt að stunda á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt.
6. Að því er varðar 1. mgr. 40. gr. tilskipunar 2004/39/EB skal skipulegur verðbréfamarkaður taka mið af því hvort eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt við mat á því hvort unnt sé að stunda viðskipti með verðbréf, sem um getur í c-lið 18. liðar 1. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar, á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt, allt eftir því hvers eðlis verðbréfið er sem verið er að taka til viðskipta:
 - a) skilmálar verðbréfsins eru skýrir og ótvíræðir og gera mögulega samsvörun milli verðs verðbréfsins og verðs eða annars verðmælikvarða á undirliggjandi viðmiði,
 - b) verð eða annar verðmælikvarði á undirliggjandi viðmiði er áreiðanlegt og birt opinberlega,
 - c) nægilegar upplýsingar til að meta verðmæti verðbréfs eru birtar opinberlega,
 - d) fyrirkomulag við að ákvarða uppgjörsverð verðbréfsins tryggir að verðið endurspegli réttilega verð eða annar verðmælikvarða undirliggjandi viðmiðs,
 - e) fullnægjandi tilhögun við uppgjör og afhendingu, að því er varðar undirliggjandi verðbréf, ásamt fullnægjandi ráðstöfunum til að afla viðeigandi upplýsinga um viðkomandi undirliggjandi verðbréf ef tilskilið er eða gert ráð fyrir þeim möguleika við uppgjör verðbréfs að undirliggjandi verðbréf eða eign sé afhent fremur en að uppgjörið sé í reiðufé.

⁽¹⁾ Stjóttð. EB L 184, 6.7.2001, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

36. gr.
(1. mgr. 40. gr. tilskipunar 2004/39/EB)
Hlutdeildarskírteini.

1. Við töku hlutdeildarskírteina í fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu til viðskipta skal skipulegur verðbréfamarkaður ganga úr skugga um að fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu fari að eða hafi farið að kröfum um skráningu, tilkynningar eða aðrar verklagsreglur sem eru nauðsynleg skilyrði fyrir markaðssetningu fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu innan lögsögu skipulega markaðarins, hvort sem fyrirtækið er stofnað í samræmi við tilskipun 85/611/EBE eða ekki.

2. Aðildarríkjum er heimilt, með fyrirvara um tilskipun 85/611/EBE og aðra löggjöf Bandalagsins eða landslög sem varða fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu, að kveða á um að ekki sé nauðsynlegt að uppfylla kröfurnar, sem um getur í 1. mgr., til að hlutdeildarskírteini séu tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

3. Við mat á því hvort unnt sé að stunda viðskipti með hlutdeildarskírteini í opnu fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt í samræmi við 1. mgr. 40. gr. tilskipunar 2004/39/EB skal skipulegi verðbréfamarkaðurinn taka mið af eftirfarandi þáttum:

- a) dreifingu þessara hlutdeildarskírteina til almennings,
- b) hvort viðeigandi fyrirkomulag viðskiptavaktar sé fyrir hendi eða hvort rekstrarfélag kerfisins gefi kost á öðru fyrirkomulagi fyrir fjárfesta sem vilja innleysa hlutdeildarskírteini sín,
- c) hvort verðmæti hlutdeildarskírteinanna sé gert nægilega gagnsætt fyrir fjárfesta með reglubundinni birtingu bókfærðs verðs.

4. Við mat á því hvort unnt sé að stunda viðskipti með hlutdeildarskírteini í lokuðu fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt í samræmi við 1. mgr. 40. gr. tilskipunar 2004/39/EB skal skipulegi verðbréfamarkaðurinn taka mið af eftirfarandi þáttum:

- a) dreifingu þessara hlutdeildarskírteina til almennings,
- b) hvort verðmæti hlutdeildarskírteinanna sé gert nægilega gagnsætt fyrir fjárfesta, annaðhvort með birtingu upplýsinga um fjárfestingarstefnu sjóðsins eða með reglubundinni birtingu bókfærðs verðs.

37. gr.
(1. og 2. mgr. 40. gr. tilskipunar 2004/39/EB)
Afleiður.

1. Við töku fjármálagernings til viðskipta af þeirri tegund sem getið er í 4.-10. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB skulu skipulegir verðbréfamarkaðir ganga úr skugga um að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) skilmálar sammingsins sem stofnar til fjármálagerningsins skulu vera skýrir og ótvíræðir og gefa möguleika á samsvörun milli verðs fjármálagerningsins og verðs eða annars verðmælikvarða undirliggjandi viðmiðs,
- b) verð eða annar verðmælikvarði fyrir undirliggjandi hlutabréf skal vera áreiðanlegt og birt opinberlega,

- c) nægilegar upplýsingar til að meta verðmæti afleiðu skulu birtar opinberlega,
 - d) fyrirkomulag við að ákvarða uppgreiðsluverð samningsins skal vera þannig að verðið endurspegli réttilega verð eða annan verðmælikvarða undirliggjandi hlutabréfs,
 - e) ef uppgjör afleiðu hefur í för með sér eða við það er gert ráð fyrir möguleika á afhendingu undirliggjandi verðbréfs eða eignar fremur en uppgjör í reiðufé verður að vera fyrir hendi fullnægjandi fyrirkomulag sem gerir þátttakendum á markaði kleift að afla sér viðeigandi upplýsinga um viðkomandi undirliggjandi verðbréf og einnig fullnægjandi aðferðir við uppgjör og afhendingu undirliggjandi gernings.
2. Ef viðkomandi fjármálagerningar eru þeirrar tegundar sem getið er í 5., 6., 7. eða 10. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB gildir b-liður 1. mgr. ekki ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
- a) samningurinn sem stofnar til þess gernings skal vera líklegur til að gefa færi á að markaðurinn fái upplýsingar um, eða geti metið, verð eða annan verðmælikvarða undirliggjandi viðmiðs ef verðið eða verðmælikvarðinn er ekki birtur opinberlega með öðrum hætti,
 - b) skipulegur verðbréfamarkaður skal tryggja að viðeigandi eftirlitsráðstafanir séu fyrir hendi til að hafa eftirlit með viðskiptum og uppgjöri slíkra fjármálagerninga,
 - c) skipulegur verðbréfamarkaður skal tryggja að uppgjör og afhending, hvort sem um efnislega afhendingu eða uppgjör í reiðufé er að ræða, geti farið fram í samræmi við samningsskilmála og -skilyrði þessara fjármálagerninga.

VI. KAFLI AFLEIÐUFJÁRMÁLAGERNINGUR

38. gr.

(2. liður 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB)
Eiginleikar annarra afleiðufjármálagerninga.

1. Að því er varðar 7. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB telst samningur, sem ekki er rauntímaviðskipti í skilningi 2. mgr. þessarar greinar og fellur ekki undir 4. mgr., hafa sömu einkenni og aðrir afleiðufjármálagerningar og telst ekki vera viðskiptalegs eðlis ef hann uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
- a) hann uppfyllir eina af eftirfarandi viðmiðunum:
 - i) viðskipti með hann fara fram á markaði í þriðja ríki sem stundar sambærilega starfsemi og skipulegur verðbréfamarkaður eða markaðstorg fjármálagerninga (MTF),
 - ii) skýrt er tekið fram að viðskipti með hann skuli fara fram á skipulegum verðbréfamarkaði, markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) eða sambærilegum markaði í þriðja ríki eða heyra undir reglur þeirra,
 - iii) skýrt er tekið fram að hann sé jafngildur samningi sem viðskipti með fara fram á skipulegum verðbréfamarkaði, markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) eða sambærilegum markaði í þriðja ríki,
 - b) hann er jafnaður af greiðslujöfnunarstöð eða öðrum aðila sem gegnir sama hlutverki og miðlægur mótaðili eða gerðar eru ráðstafanir til að greiða eða veita verðtryggingu í tengslum við samninginn,

c) hann er staðlaður þannig að verðið, lotan, afhendingardagur og aðrir skilmálar séu einkum ákvarðaðir með vísun í verð sem birt eru reglulega, staðlaðar lotur eða staðlaða afhendingardaga.

2. Rauntímaviðskipti í skilningi 1. mgr. er samningur um sölu á hrávöru, eign eða rétti og er afhending samkvæmt skilmálum hans áætluð innan þess tímabils sem er lengra af eftirfarandi tímabilum:

- a) tveir viðskiptadagar,
- b) tímabilið sem almennt er viðurkennt á markaði sem staðlaður afhendingartími fyrir viðkomandi hrávöru, eign eða rétt.

Samningur telst þó ekki rauntímaviðskipti ef samningsaðilar komast að samkomulagi, án tillits til skýrra skilmála samningsins, um að fresta beri afhendingu undirliggjandi hrávöru, eignar eða réttar og hún skuli ekki fara fram innan tímabilsins sem tilgreint er í fyrstu undirgrein.

3. Með hliðsjón af 10. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB telst afleiðusamningur, sem tengist undirliggjandi viðmiði, sem um getur í þeim þætti eða 39. gr., hafa sömu einkenni og aðrir afleiðufjármálagerningar ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- a) samningurinn er gerður upp í reiðufé eða hægt er að gera hann upp í reiðufé ef einn eða fleiri aðilar kjósa það af annarri ástæðu en vanefndum eða öðru sem jafngildir uppsögn,
- b) viðskipti með samninginn fara fram á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga (MTF),
- c) skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., eru uppfyllt að því er varðar samninginn.

4. Samningur telst vera viðskiptalegs eðlis í skilningi 7. liðar C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB og telst ekki hafa sömu einkenni og aðrir afleiðufjármálagerningar í skilningi 7. og 10. liðar C-þáttar þess viðauka ef rekstraraðili eða stjórnandi orkuflutnings-, orkujafnaðar- eða leiðslukerfis eru aðilar að honum, og nauðsynlegt er á tilteknum tímapunkti að viðhalda jafnvægi orkubirgða og –notkunar.

39. gr.

(2. liður 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB)

Afleiður í 10. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB.

Auk afleiðusamninga, sem um getur í 10. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB, fellur afleiðusamningur, sem tengist einhverju af eftirtöldu, undir þann þátt ef hann uppfyllir skilyrði sem mælt er fyrir um í þeim þætti og 3. mgr. 38. gr.:

- a) fjarskiptabandvídd,
- b) geymslurými fyrir hrávöru,
- c) sendinga- eða flutningsgeta sem tengist hrávörum, eftir köplum, leiðslum eða öðrum leiðum,
- d) greiðsla, lán, leyfi, réttur eða sambærileg eign sem tengist beint framboði, dreifingu eða notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum,
- e) jarðfræði-, umhverfis- eða aðrar eðlisfræðilegar breytur,

- f) aðrar skiptanlegar eignir eða réttur, að undanskildum réttinum til að fá þjónustu, sem unnt er að framselja,
- g) vísitala eða mat sem tengist verði eða verðmæti eða magni viðskipta með eign, rétt, þjónustu eða skuldbindingu.

VII. KAFLI LOKAÁKVÆÐI

40. gr.

Endurskoðun.

1. Framkvæmdastjórnin skal, a.m.k. annað hvert ár og að höfðu samráði við samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði, endurskoða skilgreininguna á „viðskipti“ í þessari reglugerð, töflunum í II. viðauka og viðmiðanirnar, sem er að finna í 22. gr., við að ákvarða seljanleg hlutabréf.

2. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði, endurskoða ákvæði 38. og 39. gr. að því er varðar viðmiðanir við að ákvarða hvaða gerningar teljast hafa sömu einkenni og aðrir afleiðufjármálagerningar eða teljast vera viðskiptalegs eðlis eða falla undir 10. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB ef aðrar viðmiðanir, sem settar eru fram í þeim þætti, eru uppfylltar að því er þær varðar.

Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið á sama tíma og hún gerir skýrslur sínar í samræmi við a- og d-lið 3. mgr. 65. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku þessarar reglugerðar og að höfðu samráði við samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði, endurskoða töflu 4 í II. viðauka og tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um niðurstöður þessarar endurskoðunar.

41. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Reglugerð þessi gildir frá 1. nóvember 2007, nema 11. gr. og 5. og 6. mgr. 34. gr., sem gilda frá 1. júní 2007.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. ágúst 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Charlie McCREEVY
framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Tafla 1

Listi yfir innihald tilkynninga.

Heiti reits	Lýsing
1. Auðkenning fyrirtækis sem gefur skýrslu	Sérstakur kóði til að auðkenna fyrirtækið sem annaðist viðskiptin.
2. Viðskiptadagur	Viðskiptadagurinn þegar viðskiptin fóru fram.
3. Viðskiptatími	Gefa skal upp tímasetningu á því hvenær viðskiptin fóru fram á staðartíma þess lögbæra yfirvalds sem tilkynnt er um viðskiptin ásamt grundvelli skýrslugjafar varðandi viðskiptin, miðað við alheimstíma (UTC) +/- klst.
4. Kaup-/söluvísir	Sýnir hvort viðskiptin voru kaup eða sala frá sjónarhóli fjármálagerningsins sem gefur skýrslu eða viðskiptavinarins ef skýrsla er lögð fyrir viðskiptavin.
5. Viðskiptageta	Segir til um hvort fyrirtækið annaðist viðskiptin: – fyrir eigin reikning (annaðhvort fyrir eigin hönd eða fyrir hönd viðskiptavinar), – fyrir reikning og hönd viðskiptavinar.
6. Auðkenning gernings	Í henni felst: – sérstakur kóði (ef hann er fyrir hendi) sem lögbæra yfirvaldið, sem fær skýrsluna með auðkenningu fjármálagerningsins sem viðskiptin eru með, ákvarðar, – ef viðkomandi fjármálagerningur hefur ekki sérstakan auðkenniskóða skal heiti gerningsins, eða einkenni samningsins ef um er að ræða afleiðusamning, vera í skýrslunni.
7. Tegund kóða gernings	Tegund kóða sem notaður er til að tilkynna um gerninginn.
8. Auðkenning undirliggjandi gernings	Auðkenning gerningsins sem gildir um verðbréfið sem er undirliggjandi eign afleiðusamnings og verðbréfsins sem fellur undir c-lið 18. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB.
9. Tegund auðkenniskóða undirliggjandi gernings	Tegund kóðans sem notaður er til að tilkynna um undirliggjandi gerning.
10. Tegund gernings	Samræmd flokkun fjármálagerningsins sem viðskiptin eru stunduð með. Í lýsingunni skal a.m.k. koma fram hvort gerningurinn sé í einum af helstu flokkunum sem gefnir eru sem alþjóðlega viðurkenndur samræmdur staðall fyrir flokkun fjármálagerninga.
11. Gjaldldagi	Gjaldldagi skuldabréfs eða annars konar tryggðs skuldaskjals eða nýtingardagur/gjaldldagi afleiðusamnings.
12. Tegund afleiðu	Samræmd lýsing á tegund afleiðu skal gerð í samræmi við einn af helstu flokkunum sem gefnir eru sem alþjóðlega viðurkenndur staðall fyrir flokkun fjármálagerninga.
13. Sölu réttur/kaupréttur	Tilgreining á því hvort valréttur eða annar fjármálagerningur sé sölu- eða kaupréttur.

14. Lausnarverð	Lausnarverð valréttar eða annarra fjármálagerninga.
15. Verð-margfaldari	Fjöldi eininga viðkomandi fjármálagernings í einni viðskiptalotu, t.d. fjöldi afleiðna eða verðbréfa í einum samningi.
16. Einingarverð	Verð hlutabréfs eða afleiðusamnings að undanskildum umboðslaunum og (þar sem við á) áföllnum vöxtum. Ef um er að ræða skuldagering má gefa upp verð í gjaldmiðli eða sem hundraðshluta.
17. Verðviðmið	Gjaldmiðillinn sem verðið er gefið upp í. Ef um er að ræða skuldabréf eða annars konar verðbréfaðar skuldir og verðið er gefið upp sem hundraðshluta skal einnig gefa upp hundraðshlutann.
18. Magn	Fjöldi eininga fjármálagerningsins, nafnverð skuldabréfa eða fjöldi afleiðusamninga sem teljast til viðskiptanna.
19. Magntáknun	Upplýsingar um hvort magnið vísi til fjölda eininga fjármálagerninga, nafnverðs skuldabréfa eða fjölda afleiðusamninga.
20. Mótaðili	Auðkenning mótaðila viðskiptanna. Í auðkenningunni felst: <ul style="list-style-type: none"> – ef mótaðilinn er fjármálafyrirtæki, sérstakur kóði fyrir viðkomandi fyrirtæki, sem lögbært yfirvald (ef það er fyrir hendi), sem fær skýrsluna, ákvarðar, – ef mótaðilinn er skipulegur verðbréfamarkaður eða markaðstorg fjármálagerninga (MTF) eða aðili sem gegnir hlutverki milligönguáðila, sérstakur samræmdur auðkenniskóði fyrir viðkomandi markað, markaðstorg eða aðila sem gegnir hlutverki miðlægs mótaðila, eins og hann er skilgreindur í skránni sem lögbært yfirvald heimaáðildarríkis viðkomandi fyrirtækis gefur út í samræmi við 2. mgr. 13. gr., – ef mótaðilinn er ekki fjármálafyrirtæki, skipulegur verðbréfamarkaður eða aðili sem gegnir hlutverki miðlægs mótaðila skal auðkenna hann sem „viðskiptavin“ fjármálafyrirtækisins sem annaðist viðskiptin.
21. Auðkenning kerfis	Auðkenning kerfisins þar sem viðskiptin fara fram. Í auðkenningunni felst: <ul style="list-style-type: none"> – ef kerfið er markaður: sérstakur samræmdur auðkenniskóði, – annars: kóðinn „OTC“.
22. Tilvísunarnúmer viðskipta	Sérstakt kenninúmer viðskiptanna sem fjármálafyrirtækið lætur í té eða þriðji aðili sem gefur skýrslur fyrir hönd þess.
23. Merki um afturköllun	Upplýsingar um hvort viðskiptin voru afturkölluð.

Tafla 2

Frekari upplýsingar fyrir lögbær yfirvöld.

Heiti reits	Lýsing
1. Auðkenni fyrirtækis sem gefur skýrslu	Ef einstakur kóði, sem vísað er til í töflu 1 í I. viðauka, nægir ekki til að auðkenna mótaðilann skulu lögbær yfirvöld gera viðeigandi ráðstafanir sem tryggja auðkenningu mótaðilans.
6. Auðkenning gernings	Nota skal sérstakan kóða fyrir viðkomandi fjármálagerning sem öll lögbær yfirvöld koma sér saman um.
20. Mótaðili	Ef sérstakur kóði eða einstakur samræmdur auðkenniskóði, sem vísað er til í töflu 1 í I. viðauka, nægir ekki til að auðkenna mótaðilann skulu lögbær yfirvöld gera viðeigandi ráðstafanir sem tryggja auðkenningu mótaðilans.

II. VIÐAUKI

Tafla 1

Upplýsingar sem skal birta opinberlega í samræmi við 17. gr.

Gerð kerfis	Lýsing á kerfi	Samantekt upplýsinga sem skulu gerðar opinberar í samræmi við 17. gr.
Samfellt uppboðsviðskiptakerfi með tilboðsskrá	Kerfi sem notast við tilboðsskrá og viðskiptaútreikninga sem starfa án mannlegrar ihlutunar til að para samfellt sölutilboð og kauptilboð á grundvelli besta verðsins.	Samanlagður fjöldi tilboða og hlutabréfa, sem liggja þar að baki, á hverju verði fyrir a.m.k. fimm bestu verð á kaup- og söluhlíð.
Tilboðsdrifið viðskiptakerfi	Kerfi þar sem viðskipti eru stunduð á grundvelli bindandi verðtilboða sem þátttakendur hafa stöðugan aðgang að, sem krefst þess að viðskiptavakar haldi verðtilboðum í stærð sem vegur þörf aðila og þátttakenda til að stunda viðskipti af viðskiptalegri stærð á móti áhættunni sem viðskiptavakinn tekur á sig.	Verð hagstæðustu kaup- og sölutilboða hvers viðskiptavaka ásamt magninu sem er í boði á þessu verði.
Reglulegt uppboðsviðskiptakerfi	Kerfi sem parar tilboð á grundvelli reglubundins uppboðs og viðskiptaútreikninga sem starfa án mannlegrar ihlutunar.	Verðið sem uppfyllir best viðskiptaútreikninga uppboðsviðskiptakerfisins og magnið sem mögulega væri hægt að eiga viðskipti með á því verði.
Viðskiptakerfi sem fellur ekki undir áðurgreindar þrjár gerðir	Blandað kerfi sem fellur undir tvær eða fleiri af fyrstu línunum eða kerfi þar sem ferlið við að ákvarða verð er annars eðlis en það sem notað er í þeim tegundum kerfa sem fjallað er um hér að ofan.	Fullnægjandi upplýsingar um umfang tilboða og viðskiptaáhuga, einkum verð fimm hagstæðustu kaup- og sölutilboða og/eða verð kaup- og sölutilboða hvers viðskiptavaka hlutabréfsins ef eiginleikar verðákvörðunarkerfisins heimila það.

Tafla 2

Umgangsmikil fyrirmæli í samanburði við venjulega markaðsstærð.

(í evrum)

Flokkur miðað við meðaldagsveltu (MDV)	MDV < 500 000	500 000 ≤ MDV < 1 000 000	1 000 000 ≤ MDV < 25 000 000	25 000 000 ≤ MDV < 50 000 000	MDV ≥ 50 000 000
Lágmarksstærð tilboða til að þau geti talist stór í samanburði við venjulega markaðsstærð	50 000	100 000	250 000	400 000	500 000

Tafla 3

Stöðluð markaðsstærð.

(í evrum)

Flokkur miðað við meðalverðmæti viðskipta (MVV)	MVV < 10 000	10 000 ≤ MVV < 20 000	20 000 ≤ MVV < 30 000	30 000 ≤ MVV < 40 000	40 000 ≤ MVV < 50 000	50 000 ≤ MVV < 70 000	70 000 ≤ MVV < 90 000	o.s.frv.
Stöðluð markaðsstærð	7 500	15 000	25 000	35 000	45 000	60 000	80 000	o.s.frv.

Tafla 4
Viðmiðunarmörk varðandi frestun birtingar og tafir.

Eftirfarandi tafla sýnir tilskilið lágmarksumfang viðskipta fyrir hvern frest á birtingu sem leyfður er og hvern flokk hlutabréfa með tilliti til meðaldagsveltu (MDV) til að frestur sé veittur að því er varðar þessa tegund hlutabréfa.

		Flokkur hlutabréfa miðað við meðaldagsveltu (MDV)			
		MDV < 100 000 evrur	100 000 evrur ≤ MDV < 1 000 000 evrur	1 000 000 evrur ≤ MDV < 50 000 000 evrur	MDV ≥ 50 000 000 evrur
		Tilskilið lágmarksumfang viðskipta til að frestur á birtingu sé leyfilegur			
Leyfileg tóf á birtingu	60 mínútur	10 000 evrur	Það sem er hærra: 5% af MDV eða 25 000 evrur	Það sem er lægra: 10% af MDV eða 3 500 000 evrur	Það sem er lægra: 10% af MDV eða 7 500 000 evrur
	180 mínútur	25 000 evrur	Það sem er hærra: 15% af MDV eða 75 000 evrur	Það sem er lægra: 15% af MDV eða 5 000 000 evrur	Það sem er lægra: 20% af MDV eða 15 000 000 evrur
	Til loka viðskiptadags (eða til hádegis næsta viðskiptadag ef viðskiptin fara fram á síðustu tveimur klukkustundum viðskiptadags)	45 000 evrur	Það sem er hærra: 25% af MDV eða 100 000 evrur	Það sem er lægra: 25% af MDV eða 10 000 000 evrur	Það sem er lægra: 30% af MDV eða 30 000 000 evrur
	Til loka næsta viðskiptadags eftir að viðskiptin föru fram	60 000 evrur	Það sem er hærra: 50% af MDV eða 100 000 evrur	Það sem er hærra: 50% af MDV eða 1 000 000 evrur	100% af MDV
	Til loka annars viðskiptadags eftir að viðskiptin föru fram	80 000 evrur	100% af MDV	100% af MDV	250% af MDV
	Til loka þriðja viðskiptadags eftir að viðskiptin föru fram		250% af MDV	250% af MDV	

Fylgiskjal II.**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 21/2007****frá 27. apríl 2007****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2006 frá 8. desember 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB frá 10. ágúst 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði fjárfestingarfyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1287/2006 frá 10. ágúst 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skyldur fjárfestingarfyrirtækja varðandi skýrsluhald, tilkynningar um viðskipti, gagnsæi á markaði, skráningu fjármálagerninga á markaði og hugtök sem eru skilgreind að því er varðar þá tilskipun ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 30caa (tilskipun ráðsins 93/22/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

- „30cab. **32006 L 0073:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB frá 10. ágúst 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði fjárfestingarfyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun (Stjtið. ESB L 241, 2.9.2006, bls. 26).
- 30cac. **32006 R 1287:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1287/2006 frá 10. ágúst 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skyldur fjárfestingarfyrirtækja varðandi skýrsluhald, tilkynningar um viðskipti, gagnsæi á markaði, skráningu fjármálagerninga á markaði og hugtök sem eru skilgreind að því er varðar þá tilskipun (Stjtið. ESB L 241, 2.9.2006, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 24, og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 241, 2.9.2006, bls. 26.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 241, 2.9.2006, bls. 1.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/73/EB og reglugerðar EB nr. 1287/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

A. Seatter

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

K. Bryn

M. Brinkmann

B-deild – Útgáfud.: 31. október 2007

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.